



Hyggjast senda fjögur ung börn til Grikklands

Innlent **2**

Útlendingastofnun hefur neitað að taka mál ungra foreldra með fjögur börn til efnismeðferðar. Vísað er til laga og reglna, sem eru á skjön við nýjustu upplýsingar og fregnir af stöðunni í Grikklandi.



Þjóðaríþrótt að tala gildi menntunar niður

Innlent **4**

Í umræðum um kjaradeilur Eflingar og borgarinnar hefur borið á þeirri skoðun að ekki beri að meta menntun til launa. Forsvarsmenn háskólafélks segja umræðuna á villigötum.



Komi í veg fyrir óþarfa deilur og dómsmál

Fréttaskýring **6**

Fimm þingmenn leggja til að skylt verði að láta ástandsskýrslu um íbúðarhúsnæði fylgja við sölu. Þeir telja að skrásetning framkvæmdasögu muni m.a. sporna við svartri atvinnustarfsemi.



„Þetta var stærsta áfall lífs míns“

Viðtal **18**

Hallgerður Hallgrímsdóttir segir sorgina hafa dregið hulu yfir allt þegar hún missti dóttur sína. Um helgina opnar hún sérstæða sýningu þar sem hún leiðir gesti í gegnum sorgarferlið.

7. TÖLUBLAÐ 4. ÁRGANGUR

FÖSTUDAGURINN 21. FEBRÚAR 2020

MANNLÍF

Fréttir / Viðtöl / Matur / Hönnun / Menning / Séd og heyrð

ER NÚTÍMAFJÖLSKYLDAN AÐ KIKNA UNÐAN ÁLAGINU?

Ég veit ekki hvort ég elska hann – Ég vil ekki fara í skólann – Hvað ef við náum ekki að borga leiguna? – Ég held að sonur minn sé í vandræðum en ég næ ekki til hans – Við erum búin að vera að reyna í þrjú ár en það tekst ekki að ég verði ólétt – Hvað ef ég næ ekki prófunum? – Stjúpdóttir mín hatar mig – Ég er alltaf að drepast úr kvíða – Hvað ef ég missi vinnuna? – Ég er alltaf einn eftir skóla – Við stundum aldrei kynlíf – Þegar ég horfi í spegilinn þá hata ég það sem ég sé – Hún er orðin tveggja ára og ekki enn byrjuð að tala – Krakkana langar í tónlistarnám en við höfum ekki efni á því – Hún lætur mig velja á milli sín og dóttur minnar – Barnið mitt þarf á þjónustu að halda en fær ekki – Við rífumst og rífumst og svo labbar hann út – Mamma og pabbi hlusta aldrei á mig – Það er alveg sama hvað ég er dugleg, ég næ aldrei að klára allt á listanum – Stundum finnst mér erfitt að þykja vænt um börnin mín – Ég var misnotaður en hef aldrei þorað að segja frá – Hún er alltaf að tala um fyrrverandi – Lífið mitt er ömurlegt og það eina sem mig langar að gera er að vera í tölvunni – Ég held að hann sé að halda fram hjá mér



GOSI
Ávintýri spítustráks



**Frumnýning
á sunnudaginn
– tryggðu þér miða**
borgarleikhus.is

i Innlent / Hælsleitendur

UNICEF mælir gegn endursendingum til Grikklands

Pað vita það allir að ástandið í Grikklandi er ekki boðlegt.



Í Aþenu hefur gömlum ólympíuleikvangi verið breytt í flóttamanna-búðir. Þar hafa fjölskyldur búð sér heimili með því að strengja upp gömul lök og sængurver eða slá upp tjöldum.

Mohammed og Wedyan hafa leitað til lögmanna en virðast hóflega bjartsýn þegar við þau er rætt. Spurð að því hvað þau sjá fyrir sér ef þau verða send aftur til Grikklands vill Mohammad ekki svara fyrir framan börnin. Síðar í samtalinu segist hann ekki sjá neina framtíð ef þau verða flutt á brott. Hvorki Mohammed né Wedyan tala íslensku eða ensku og þau eru einlæglega þakklát fyrir að máli þeirra sé sýndur áhugi. Ali, sem er í grunnskóla í Hafnarfirði, talar og skilur svolítið í íslensku og nýtur þess augljóslega að fá heimsókn.

Það er Sema Erla Serdar, formaður Solaris – hjálpsamtaka fyrir hælsleitendur og flóttafólk á Íslandi, sem leiðir samtalið við Mohammed og Wedyan. „Þetta er óþolandi,“ segir hún eftir á um þá staðreynd að stjórnmöld hafi ekki breytt afstöðu sinni til Dyflinnarreglugerðarinnar og sérstaklega barna á flóttu. Að í hvert einasta sinn sem flytja eigi börn á brott þurfi að koma til mótmæla, undirskriftasafnana og ekki síst fjölmiðlaumfjöllunar til að ráðamenn finni mannúðina í sjálfum sér.

„Það vita það allir að ástandið í Grikklandi er ekki boðlegt,“ segir hún um röksemdafærslu Útlendingastofnunar og bendir m.a. á umfjöllun Kveiks um stöðu barna á flóttu, þar sem fram kom að UNICEF – Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna mælir eindregið gegn því að börn séu send aftur til Grikklands. Aðeins helmingur barna fái skólavist og verulegar líkur séu á því að fólk muni búa við afar bágar aðstæður. Samkvæmt upplýsingum frá stofnunum SP eru vísbendingar uppi um að fólk eigi erfitt með að nýta þau úrræði sem eigi að standa til boða og aðlagast grísku samfélagi. Til dæmis eiga færri en 10% flóttamanna banka-reikning. Þá stendur atvinnuleysi í landinu í 17%.

Sema Erla Serdar. Mynd / Leifur Wilberg

Frábært saman Milka & Oreo



Aætla að vísa fjórum börnum undir níu ára úr landi

Mohammed Al Deewan og Wedyan Al-Shammari flúðu pólitískar ofsóknir í Írak. Þau leituðu til Grikklands og fengu þar alþjóðlega vernd en aðstæður voru ömurlegar fyrir fjölskylduna ungu. Útlendingastofnun segir ástandið í Grikklandi hins vegar nógu gott og ætlar að senda þau til baka.

Eftir að hafa ekið um í nokkurn tíma í stóru iðnaðarhverfinu blasir kuldalegt fjölbylishúsið við. Það hefur ekkert verið gert fyrir aðkomuna eða sameignina en inni, í íbúðinni þar sem Mohammed Al Deewan og Wedyan Al-Shammari hafa búð börnum sínum heimili, er hlýlegt og móttökurnar góðar. Börnin þeirra; Ali 9 ára, Kayan 5 ára, Saja 4 ára og hin eins árs gamla Jadin, sitja stillt og þrúð á sófanum og stara forvitnum augum á aðkomufólkið. Þau svara vinalegu „hæ“ og vinki með feimnislegum brosum.

Mohammed og Wedyan yfirgáfu Írak árið 2017, eftir að hafa sætt pólitískum ofsóknum. Mohammed sætti m.a. pyntingum af hálfu ofbeldissveita með tengsl við hið opinbera, sem voru á eftir bróður hans. Lögreglan gerði ekkert til að hjálpa. Fjölskyldan ákvað að yfirgefa landið og kom til Grikklands, þar sem hún dvaldi í búðum á eyjunni Samos. Ástandið þar var slæmt; þau deildu litlum gámi með annarri fjölskyldu og höfðu engan aðgang að almennilegri hreinlætisaðstöðu. Wedyan gat ekki farið um ein af ötta við að verða fyrir áreitni hópa ungra manna. Blessunarlega fengu börnin nauðsynlega lækniþjónustu, m.a. vegna astma, en því var ekki að skipta fyrir fullorðna fólkið.

Sumarið 2018 var hælsúmsókn fjölskyldunnar samþykkt og hún fékk dvalarleyfi til 2021. Á meginlandinu tók þó lítt betra við; þegar þau höfðu fengið samþykkið nutu þau ekki lengur aðstoðar og þurftu sjálf að verða sér úti um húsnæði. Á endanum leigðu þau litla íbúð með fjórum öðrum fjölskyldum. Það var enga vinnu að fá og Mohammed þurfti að slá lán hjá kunningjum til að eiga fyrir mat og öðrum nauðsynjum. Ali byrjaði í skóla en var beittur ofbeldi af kennaranum sínum. Hann var ekki sá eini í fjölskyldunni sem upplifði miður góðar móttökur því Mohammed og Wedyan upplifðu ítrekað fordóma í sinn garð, m.a. í formi ofbeldis. Í eitt sinn var ráðist á þau með þeim afleiðingum að Wedyan meiddist alvarlega á hendi. Hún fékk enga læknaaðstoð og glímur enn við skerta hreyfigetu.

Mohammed og Wedyan ákváðu að yfirgefa Grikkland og sóttu um alþjóðlega vernd á Íslandi 28. júní 2019. Þau hafa fengið synjun á efnismeðferð hjá Útlendingastofnun og úrskurðarnefnd um útlendingamáli og hefur verið tilkynnt að þau ættu að búa sig undir að vera flutt aftur til Grikklands.

”

Mohammed og Wedyan yfirgáfu Írak árið 2017, eftir að hafa sætt pólitískum ofsóknum. Mohammed sætti m.a. pyntingum af hálfu ofbeldissveita með tengsl við hið opinbera, sem voru á eftir bróður hans.

Vísa í það sem ætti að vera en ekki það sem er

Í skýrslu Útlendingastofnunar um mál fjölskyldunnar gengst stofnunin við því að ötti Mohammeds og Wedyan um að vera send aftur sé á rökum reistur. Þar segir m.a. að samkvæmt heimildum séu fordómar, hatursorðræða og glæpir í garð fólks af erlendum uppruna vandamál í Grikklandi. Þá segir einnig að frásögn umsækjanda um erfiðleika með að fá húsnæði komi heim og saman við fyrirliggjandi upplýsingar um aðstæður einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd í Grikklandi. Á sama tíma vísar Útlendingastofnun ítrekað til laga og reglna sem eiga að tryggja rétt einstaklinga sem njóta alþjóðlegrar verndar, þrátt fyrir að nýjustu upplýsingar og fréttir bendi til þess að raunveruleikinn sé allt annar.

„Við úrlausn málsins verður byggt á því að umsækjandi og fjölskylda hans njóti í öllum meginráttum sömu réttinda og grískir ríkisborgarar til grunnþjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu, aðgengis að vinnumarkaði og menntun í landinu og geti leitað á náðir félagsmálayfirvalda, annarra þar til bærra stjórnvalda í landinu og eftir atvikum frjálsra félagsamtaka í landinu, telji þau sig þurfa á aðstoð að halda.“

Þess er hvergi getið að þau hjálpsamtök sem starfa í Grikklandi segja ástandið þar vonlaust. Amnesty International, sem Útlendingastofnun vísar m.a. til í rökstuðningi sínum, og fleiri hafa t.d. kallað eftir því að stjórnmöld í Grikklandi og öðrum Evrópuríkjum grípi til aðgerða til að rýma búðir á grísku eyjunum sem voru hugsaðar fyrir um fimm þúsund manns en hýsa nú yfir 40 þúsund manns. Samtökin hafa bent á að úrvinnsla mála á eyjunum hafi tafist, ekki síst vegna þess að öll aðstaða fyrir hælsleitendur á meginlandinu sé sömuleiðis fullnýtt og vegna þess að önnur ríki hafa neitað að aðstoða Grikki við að bera þungann af flóttamannastraumnum.

Þá er þess heldur ekki getið að sú ríkisstjórn sem tók við völdum í Grikklandi í fyrra hefur ítrekað gripið til aðgerða og yfirlýsinga sem gagnrýnendur segja endurspeglar fjandsamleg viðhorf í garð hælsleitenda. Má þar m.a. nefna nýjar málsmeðferðarreglur, sem alþjóðleg samtök segja sniðin til þess að geta neitað fleirum á tæknilegum forsendum.

M

BIRTINGUR EHF

Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík S: 515 5500



Lumar þú á frétt?

Sendu ábendingu á ritstjórn@birtingur.is

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Halldór Kristmannsson - Framkvæmdastjóri: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
Útgáfustjóri Mannlífs: Roald Viðar Eyvindsson - Fréttastjóri: Hólmfríður Gísladóttir - Ritstjórnartimarita: Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir, Steingerður Steinarsdóttir - Blaðamenn: Baldur Guðmundsson, Ragna Gestsdóttir, Friðrika Benónýsdóttir
Umbrot og hönnun: Ivan Burkni - Auglýsingar: auglysingar@birtingur.is - Prentun: Landsprent - Dreifing: Póstdreifing

70
LEIÐTAK
LEIÐTAK

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

ÚTSENDING

FRUMSÝNT Í KVÖLD
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á LEIKHUSID.IS

PÁLMI GESTSSON • BIRGITTA BIRGISDÓTTIR • ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON • STEINUNN ÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR • HALLGRÍMUR ÓLAFSSON
ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR • ATLI RAFN SIGURÐARSON • SIGURÐUR SIGURJÓNSSON • ARNDÍS HRÖNN EGILSDÓTTIR • ÖRN ÁRNASON
SNÆFRÍÐUR INGVARSDÓTTIR • ARNAR JÓNSSON • EDDA ARNLJÓTSDÓTTIR • BALDUR TRAUSTI HREINSSON • HILDUR VALA BALDURSDÓTTIR
GUNNAR SMÁRI JÓHANNESSON • LEIKSTJÓRN: GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON

Innlent
KJARABARÁTTA

Þjóðaríþrótt að *tala gildi* menntunar niður

Í umræðum um yfirstandandi kjaradeilur **Eflingar** og **Reykjavíkurborgar** hefur farið æ meira fyrir þeirri skoðun að ekki beri að meta menntun til launa. Nýlega tjáði Kári Stefánsson þá skoðun sína á Pírataþspjallinu við góðar undirtektir. Hvað finnst forsvarsfólki háskólafélks um þessa umræðu? Mannlíf leitaði svara við því hjá Þórunni Sveinbjarnardóttur, formaður Bandalags háskólanna, BHM, spurð hvað henni finnst um þá umræðu að ekki sé ástæða til að meta menntun til launa. „Það hlaupa allir upp til handa og fóta þegar Kári Stefánsson segir eitt-hvað. Hann er forstjóri í einu stærsta þekkingarfyrirtæki á Íslandi þar sem svo að segja hver einasta sála er með háskólagráðu og jafnvel margar. En gott og vel. Það sem ég hef áhyggjur af í þessari umræðu í samfélaginu er að það er að verða eins og þjóðaríþrótt að tala gildi menntunar niður rétt eins og við séum stödd í landbúnaðarsamfélaginu fyrir hundrað árum eða svo. Það er ekki gott af svo mörgum ástæðum, sú nærtækasta er kannski sú að við erum í miðri fjórðu iðnbýltingunni þar sem snjallvæðingin ríður yfir og alls konar störfum fækkar. Það á auðvitað bæði við um störf sem krefjast ekki mikillar fagmenntunar og önnur störf. Við horfum til dæmis á fækkun starfsfólks í íslenskum bönkum sem hefur fækkað um um nokkur hundruð á síðustu tveimur árum.“

Þórunn segir að það sem þau hjá BHM vilji og reyni auðvitað að vekja athygli séu einfaldar staðreyndir um það hvað það þýðir að afla sér háskólamenntunar. „Þar er fyrst að telja að þegar fólk fer í langskólanám þá er það að tapa verðmætustu árunum í sófnun lífeyrisréttinda. Nú er búið að samræma lífeyriskerfi opinbera og almenna vinnumarkaðarins og réttindin eru orðin aldurstengd sem þýðir að mesta ávinnslan er þegar fólk er yngst. Fólk sem fer í langskólanám er ekki að ávinna sér lífeyrisréttindi á þessum árum. Í öðru lagi er háskólamenntun fjárfesting bæði fyrir einstaklinga og samfélag. Menntun og þekkingaröflun eru aflvaki framfara í samfélaginu og undirstaða góðra lífskjara, bæði hér og annars staðar. Í þriðja lagi taka 85 prósent þeirra sem eru í BHM námslán, auðvitað mismikil en mjög mörg okkar eru að greiða það sem samsvarar einum ráðstöfunartekjum á ári af þeim langt fram á sextugsaldur eða lengur. Þetta með ávinnslu lífeyrisréttinda og endurgreiðslubyrði námslána eru beinharðar efnahagslegar staðreyndir um kjör háskólamenntaðs fólks sem við viljum og krefjumst að tekið sé tillit til við ákvörðun launa.“



„Ég held að við ættum miklu frekar að huga að því hvernig hægt er að meta menntun enn frekar með sanngjörnum hætti til launa heldur en að gera lítið úr mikilvægi háskólamenntunar,“ segir Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands.

Þarf meira en handlagni til að verða heilaskurðlæknir

Snýst þetta þá bara um launatap á meðan á námi stendur og uppgreiðslur námslána, hefur menntunin í sjálfu sér ekkert gildi þegar horft er til launa? „Jú, fólk aflar sér sérþekkingar sem skiptir máli í samfélaginu,“ segir Þórunn. „Nærtækast er að taka dæmi af heilbrigðisstéttum og menntastéttum sem sinna almannaþjónustu sem við erum vonandi öll sammála um að þurfi að veita. Það hljómar kannski flippað en þú þarft meira en að vera handlaginn til þess að verða heilaskurðlæknir. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeirri gleði sem felst í því að eiga þess kost að afla sér menntunar en það er hjákátlegt að heyrja fólk halda því fram að það sé aðalmálið

að fólk sé í skemmtilegri vinnu, eins og oft er sagt til að verja lág laun listamanna, til dæmis. Það er ekki hægt að afgreiða málið með slíkum smjörklípum.“

Spurð um kjaradeiluna sem nú er í gangi milli Eflingar og



Ég held að við séum á villigötum sem samfélag ef við erum farin að trúa því að menntun skipti ekki máli á vinnumarkaði og eigi ekki að meta til launa.

„Það er að verða eins og þjóðaríþrótt að tala gildi menntunar niður rétt eins og við séum stödd í landbúnaðarsamfélaginu fyrir hundrað árum eða svo,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður Bandalags háskólanna, BHM.

borgarinnar segir Þórunn að það sé alveg rétt að leikskólar séu að stórum hluta mannaðir af öðrum en leikskólakennurum, og auðvitað þurfi að taka tillit til þess í launum ófagmenntaðs starfsfólks ef það sinnir þeim störfum og ber þá ábyrgð sem leikskólakennarar ættu að gera. En telur hún að það sé tilviljun að þessi umræða um að meta ekki menntun til launa og það að etja saman faglærðum og ófaglærðum starfsmönnum sé mest áberandi í svokölluðum kvennastéttum? „Nei, ég efast um það,“ segir hún. „Og það er gömul saga og ný að það er ágætt að leyfa þeim sem minna hafa að bitast um brauðmolana. Og ég tek undir með Drífu Snædal, forseta ASÍ, og við höfum allar sagt það konurnar sem erum í forystu fyrir launafólki í landinu, að stóri vandinn á vinnumarkaði á Íslandi er þessi kynbundni vandi, það er að segja laun og kjör kvennastétta almennt og tregðan til að hækka þau.“

Rótgróið viðhorf að hampa dugnaði

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, tekur í sama streng og Þórunn.

„Ég held að við séum á villigötum sem samfélag ef við erum farin að trúa því að menntun skipti ekki máli á vinnumarkaði og eigi ekki að meta til launa,“ segir hann. „Að mínu mati hefur frekar vantað upp á að háskólamenntun sé metin almennilega til launa en hitt. Fyrir ekki svo löngu síðan birti Hagstofan tölur sem sýndu að þeir sem hafa eingöngu lokið grunnmenntun á borð við stúdentspróf séu að jafnaði með 86% af heildartekjum þeirra sem hafa lokið háskólaprófi. Nú skal ég

ekki segja um hvort þetta sé lítill eða mikill munur. En Hagstofan benti á sama tíma á að þetta sé minni munur en í nokkru öðru Evrópuríki. Þetta er áhyggjuefni. Við byggjum ekki upp blómlegt samfélag nema við höfum yfir að búa vel menntuðu og framsæknu fólki. Ég held að við ættum miklu frekar að huga að því hvernig hægt er að meta menntun enn frekar með sanngjörnum hætti til launa heldur en að gera lítið úr mikilvægi háskólamenntunar.“

Spurður hvort hann sé sammála Þórunni um að það sé þjóðaríþrótt á Íslandi að tala menntun niður segir Jón Atli: „Það hefur lengi verið rótgróið viðhorf hér á landi að hampa dugnaði umfram öðru. Það þarf sannarlega ekki háskólapróf til að sýna dugnað í vinnu. Tölnar sem ég vitnaði til áðan gefa til kynna að við séum kannski viljugri en aðrar þjóðir að horfa til fleiri þátta en háskólamenntunar þegar laun eru metin. Nú er náttúrulega, og kannski eðlilega, mikil umræða um lægstu launin og skiljanlegt að forystufólk stéttarféлага láglaunahópa berjist fyrir bættum kjörum sinna félagsmanna. En það er varasamt að etja fólki eða hópum saman. Auðvitað á að borga fólki mannsæmandi laun, til dæmis fyrir umönnunarstörf, en það á líka að meta menntun til launa. Þetta eru ekki ósamrýmanleg sjónarmið, að mínu mati.“

Gröfum undan okkur sjálfum

Í umræðunni er alltaf talað um að háskólamenntað fólk þurfi hærri laun vegna taps á lífeyrisréttindum á meðan það er í námi og skuldabaggans sem fylgir námslánunum, er menntun sem slík þá einskis virði?

„Auðvitað þarf að taka tillit til þess að langt háskólanám hefur áhrif á ævi-tekjurnar,“ segir Jón Atli. „Fólk er að mestu leyti tekjulaust á meðan á námi stendur og greiðslubyrði námslána getur verið há. En fyrir mér snýst þetta fyrst og fremst um það hvers konar samfélag við viljum skapa. Ef við viljum stíga skrefið frá því að vera algjörlega háð sjávarútvegi, stóriðju og nú síðast ferðaþjónustu yfir í að vera samfélag sem byggir á nýsköpun og þekkingu, rannsóknum og vísindum þá krefst það einfaldlega ákveðinnar fjárfestingu í menntun og við sjáum að nágrennaþjóðir okkar fjárfesta markvisst í háskólastiginu einmitt til að tryggja slíka framtíðarsýn. Ef við gerum lítið úr menntun hvað laun varðar, þá gröfum við undan þessari fjárfestingu og gröfum hreinlega undan okkur sjálfum og hagsmunum komandi kynslóða.“



Til hamingju með árangurinn

Ísey skyr óskar Íslenska kokkalandslíðinu til hamingju með frábæran árangur á Ólympíuleikum í matreiðslu. Liðið fékk gull í báðum keppnisgreinum sínum og brons fyrir heildarárangur landsliða sem er besti árangur þess frá upphafi. Kokkalandslíðið notar að sjálfsögðu sérvalið íslenskt hráefni og þar leikur Ísey skyr stórt hlutverk.

Mjólkursamsalan og Ísey skyr eru stoltir bakhjarlar liðsins.

#iseyskyr



Fréttaskýring
FASTEIGNIR

Vill að ástandsskýrslur fylgi öllum íbúðum á sölu

Björn Leví Gunnarsson er einn þeirra fimm þingmanna sem lagt hefur til á Alþingi að skylt verði að láta ástandsskýrslu um íbúðarhúsnæði fylgja við söluferli. Í þingsályktunartillögu er einnig kveðið á um rafræna viðhaldsdagbók hússins. Þingmaðurinn segir þetta geta spornað við hvata til svartrar vinnu.

Ástandsskýrslur skulu fylgja söluferlitum alls íbúðarhúsnæðis, verði tillaga fimm þingmanna á Alþingi að frumvarpi og síðar lögum. Tillagan kveður á um að þeir sem útbúa þessar skýrslur verði ábyrgir fyrir göllum sem rýra verðmæti eignanna og þeir verði tryggðir með sjálfsábyrgðartryggingu. Tilgangurinn er að tryggja skaðleysi kaupenda og seljenda fasteigna þegar mistök þeirra leiða til bótaskyldu.

Jafnframt er lagt til að húsnæðiseigendur haldi viðhaldsdagbók, sem fylgi eigninni þegar hún er seld, ekki ósvipað smurbókum bifreiða. Þetta gæti að sögn



Ef umsagnirnar verða óbreyttar ætti að vera hægt að fá þetta mál í gegn núna.




„Þessi tillaga var næstum því samþykkt á þarsíðasta þingi,“ segir Björn Leví Gunnarsson.

Rúm 100 dómsmál vegna galla á átta árum

■ Í greinargerð með tillögunni hafa verið teknir saman dómar sem fallið hafa vegna fasteignaviðskipta. Á tímabilinu 2010 til 2017 féllu 130 dómar vegna fasteignakaupa. Þar af voru 102 vegna galla á fasteign. Í þessu samhengi er bent á að sennilega séu mun fleiri mál vegna galla afgreidd án aðkomu dómskerfisins. „Ætla má að dómsmálum sem og þeim málum sem ekki fóru fyrir dóm myndi fækka verulega með þeim breytingum sem hér eru lagðar til.“

Bent er á að málskostnaður hafi verið dæmdur í 22 málum af þeim 26 málum sem fóru fyrir íslenska dómstóla vegna galla í fasteignum árið 2016. Í þremur málum hafi hann verið felldur niður. Að meðaltali hafi málskostnaðurinn verið 1,2 milljónir króna, rúmar. „Hafa ber í huga að málskostnaður er einungis dæmdur öðrum aðila máls þannig að málskostnaður hins stendur út af. Auk þess þarf dæmdur málskostnaður ekki að endurspegla raunverulegan málskostnað.“ Þá er bent á að á árunum 2010 til 2017 hafi 15 dómar farið fyrir Hæstarétt vegna galla í fasteignum. Kostnaðurinn við þessi mál sé því mjög mikill.

FJÖLDI DÓMA VEGNA GALLA Í HÚSUM



flutningsmanns frumvarpsins, einnig orðið til þess að draga úr svartri atvinnustarfsemi.

„Þessi tillaga var næstum því samþykkt á þarsíðasta þingi. Ef umsagnirnar verða óbreyttar ætti að vera hægt að fá þetta mál í gegn núna,“ segir Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, sem er fyrsti flutningsmaður tillögunnar, sem hefur í þrjú áður verið lögð fram á þinginu.

Komast hjá óþarfa deilumálum

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að viðskipti með íbúðarhúsnæði séu afar vandasöm og þar sé jafnan um að ræða stærstu viðskipti sem einstaklingar og fjölskyldur taki þátt í á ævi sinni. Mikill hluti fjármuna fólks sé alla jafna undir. „Afar mikilvægt er að reglur um slík viðskipti auki fyrirsjáanleika og öryggi neytenda og dragi úr tjóni og óþörfum deilu- og dómsmálum. Þá er mikilvægt að koma í veg fyrir að fólk þurfi að þola íveru í heilsuspillandi húsnæði en nokkur vitundarvakning hefur orðið um þær

hættur sem af því stafa. Hingað til hafa ekki verið gerðar teljandi úrbætur á þessu sviði,“ segir í greinargerðinni.

Í tillögunni er ráðherra iðnaðar-, ferðamála- og nýsköpunar falið að undirbúa nokkrar breytingar á lögum til að bæta stöðu neytenda í fasteignaviðskiptum. Lögð er áhersla á að ástand húsnæðis verði kunnugt öllum sem að viðskiptunum koma; kaupendum, seljendum og milliliðum. Með því megi draga verulega úr líkum á því að leyndir gallar komi upp „með tilheyrandi kostnaði fyrir kaupendur, seljendur og samfélagið“, eins og segir í greinargerðinni. Settar verði skýrar reglur um ábyrgð vegna galla sem ekki koma fram í ástandsskýrslum.


Margir taki út sömu eignina

Björn Leví bendir á að í dag tíðkast að væntanlegir kaupendur láti einhvern taka út eignina áður en hún er keypt. Oft gerist það í í kjölfarið að tilboðsgjafinn hættir við kaupin. Þegar nýr hugsanlegur kaupandi leggi fram tilboð láti

hann gera aðra ástandsskýrslu. Þá sé fyrri skýrsla honum ekki aðgengileg. Þannig sé stundum gerðar margar ástandsskýrslur fyrir sömu eignina í einu og sama söluferlinu. Í greinargerðinni segir að í þeim tilvikum þar sem eign sé eftirsótt geti myndast hvati til að láta kyrrt liggja að gera slíkar skýrslur. „Sem dæmi má nefna að þegar mikil eftirspurn er eftir húsnæði getur fyrirvari um ástandsskoðun fasteignar verið talið kautilboði til frádráttar.“ Æskilegt sé að ástandsskýrsla sé meðal sölugagna.

Fátt að vanbúnaði

Björn Leví er nokkuð bjartsýnn á framgang málsins á yfirstandandi þingi. Hann segir að sú regla hafi tíðkast þegar líði að þinglokum að hver flokkur á þinginu fái að koma í gegn einu til tveimur málum, óháð mikilvægi þeirra. „Þegar allt kemur til alls snýst þetta um fjölda mála. Það þurfa allir flokkar að fá jafnmörg mál,“ útskýrir hann. Björn bendir á að málið sé nú komið í nefnd og hann telur líkur á að þetta geti gengið í gegn á yfirstandandi þingi, njóti málið for-



Fólkið á botninum ber ekki ábyrgð

á launaskriði hátekjuhópa

Þegar lægst launaða starfsfólkið á íslenskum vinnumarkaði fer fram á kjarabætur heyrast gjarnan háværar raddir um höfrungahlaup, þar sem fólkið á botni launastigans er gert ábyrgt fyrir runu launakrafna upp allan launastigann.

Sanngjörn krafa láglaunafólks um leiðréttingu á óboðlegum kjörum þarf ekki að valda stjórnlausu launaskriði. Höfrungahlaup er ekki náttúrulögmál.

Leiðréttingu - strax!

Samninganefnd Eflingar
við Reykjavíkurborg





Matsmannafélag Íslands vill að nýjum íbúðum skuli einnig fylgja ástandsskýrslur, enda séu gallar tíðir í nýbyggingum.

gangs. „Það virtust allir vera tilbúnir að afgreiða þetta úr nefnd á þarsíðasta þingi, en á endanum komust mjög fá þingmannamál í gegn.“

Hann segir að nú sé búið að lofa þingmönnum áherslubreytingum á starfi efnahags- og viðskiptanefndar. Meiri áhersla verði lögð á svokölluð þingmannamál. Ef ekki berist nýjar umsagnir við umrætt mál ætti nefndin að geta afgreitt það með nefndarálit, án þess að kalla til gesti. „Þetta er gríðarlega mikilvægt mál og gott næsta skref í kjölfar þess að teknar voru upp rafrænar þinglýsingar. Ef fólk væri að vinna í þessu máli út frá efnislegum forsendum þess, þá ætti þetta að geta farið í gegn í vor,“ segir hann. Björn tekur þó fram að pólitíkin sé óútreiðanleg.

Smurbók heimilisins

Það felst að mati Björns ákveðið öryggi í því að vita hvar ábyrgðin liggur, ef gallar koma upp. Það sé einn stærsti kostur þess ef tillagan nær fram að ganga. Einnig sé með henni komið í veg fyrir tvíverknað, með því að láta þær ástandsskýrslur sem gerðar eru fylgja húsinu. Hann sér fyrir sér að

það verði seljandans að greiða fyrir ástandsskoðunina, sem er þá gerð af viðurkenndum aðila, eins og áður hefur komið fram. „Hún fylgir þá bara með í útboðsgögnum. Ef einhver vill gera auka ástandsskoðun, þá er honum frjálst að gera það,“ útskýrir þingmaðurinn.

Hann segir að einnig sé mikilvægt að halda dagbækur um þau verk sem unnin eru í húsinu og að upplýsingar um þau fylgi þegar eignin er seld.

„Þetta er ekkert mikið öðruvísi en smurbók í bílum. Nema fjárfesting í húsnæði er miklu stærri en í bílum.“

Björn nefnir líka þann kost að rafrænar viðhaldsbækur fyrir heimilin dragi úr hvata til að stunda svarta atvinnustarfsemi. „Þegar þú kaupir viðhaldsþjónustu af pípara eða múrara þá viltu fá það skráð í ástandsskýrslu heimilisins. Það eru verðmæti í þeirri vinnu seinna meir. Og ef þú ætlar að skrá þetta í smurbókina þá getur það ekki verið svart. Það verða að fylgja reikningar og kvittanir. Þetta er þess vegna líka aðgerð gegn svartri atvinnustarfsemi.“

Fasteignasalar styðja málið



Fasteignasalar og ýmis samtök neytenda vinni að úrbótum þannig að aðeins þeir sem hafi löggildingu til starfans geri ástandsskýrslur og að tryggingar séu að baki skýrslunum.

■ Félag fasteignasala er á meðal þeirra sem skilaði umsögn um tillöguna á fyrri stigum. Í umsögninni kemur fram sú skoðun félagsins að mikilvægt sé að koma ástandsskýrslum í gagnið, en að þó þurfi að setja um það umgjörð sem styður við gæði skýrslanna.

Fram kemur að ástandsskýrslur hafi lengi þekkt í Norðurlöndunum en þar hafi þær reyndar sætt nokkurri gagnrýni. Fasteignasalar og ýmis samtök neytenda vinni að úrbótum þannig að aðeins þeir sem hafi löggildingu til starfans geri ástandsskýrslur og að tryggingar séu að baki skýrslunum.

Fram kemur í umsögninni að slíkt sé grunnforsendur þess að svona fyrirkomulag eigi rétt á sér hér á landi. „Mikilvægt er að reyna að nálgast málin eins einfalt og kostur er. Í frumvarpi til laga um fasteignakaup á árinu 2002 var mælt fyrir um ástandsskýrslur en þau ákvæði tekin út í meðförum þingsins vegna óheyrilegs kostnaðar sem talið var að slíkar skýrslur myndu kosta vegna þeirra krafna er þær áttu að uppfylla,“ segir í umsögninni.

Stórt skref stigið í neytendavernd



Matsmannafélagið telur brýnt að ástands- skoðunin sé framkvæmd af óháðum fagaðilum sem hafi víðtæka þekkingu á mannvirkjagerð.

■ Kallað hefur verið eftir umsögnum frá ríflega 20 aðilum um tillöguna. Í umsögn Matsmannafélags Íslands kemur fram að það styðji eindregið markmið tillögunnar um að ástandsskýrslur fylgi söluþingritum íbúðarhúsnæðis. Félagið telur hins vegar ekki rétt að undanskilja nýjar fasteignir, eins og tillagan mælir fyrir um. „Því miður sýnir reynslan einnig, að nýjar fasteignir hér á landi hafa alls ekki alltaf reynst gallalausar.“

Félagið bendir á að í lögum um fasteignasölu frá 2015 sé fasteignasalanum gert skylt að skrá ástand og eiginleika fasteigna sem séu í sölumeðferð. Hann ber lögum samkvæmt ábyrgð á því að þessar upplýsingar séu réttar. „Í lögnum er þó hvergi gerð krafa um þekkingu löggildra fasteignasala á byggingatækni og eru þeir því misjafnlega hæfir til þess að standa við þessa ábyrgð sína.“ Kröfur á hendur fasteignasala séu því afar óraunhæfar. „En með tilkomu sérhæfðra fagaðila sem ætlað er að skoða og meta ástand fasteigna eins og þingsályktunin hvetur til, verður stigið stórt skref í neytendavernd á fasteignamarkaði.“

Matsmannafélagið telur brýnt að ástandsskoðunin sé framkvæmd af óháðum fagaðilum sem hafi víðtæka þekkingu á mannvirkjagerð. Grundvallaratriði sé að framkvæmdin fylgi samræmdum matsaðferðum og að innihald þeirra sé samræmt. Slíkt kerfi hafi verið notað í Noregi í um 20 ára skeið. Félagið bendir á að ástandsskýrslur hafi verið ríkur þáttur í fasteignaviðskiptum á hinum Norðurlöndunum um áratuga skeið.



Þetta er ekkert mikið öðruvísi en smurbók í bílum. Nema fjárfesting í húsnæði er miklu stærri en í bílum.

Tillagan í heild



... að hægt verði að ganga frá einföldum löggerningum á borð við umboð vegna sölu fasteignar.

Alþingi ályktar að fela ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að láta undirbúa lagafrumvarp sem feli í sér endurskoðun á lögum um sölu fasteigna og skípa, nr. 70/2015, lögum um fasteignakaup, nr. 40/2002, og þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með eftirfarandi markmiði að leiðarljósi:

1. að stuðla að því að ástandsskýrslur fylgi söluþingritum notaðra fasteigna sem ætlaðar eru til íbúðar.
2. að aðilar sem útbúa ástandsskýrslur vegna sölu fasteigna verði ábyrgir fyrir göllum sem rýra verðmæti þeirra svo nokkru varði og ekki voru tilgreindir í skýrslum þeirra og skuli hafa starfsábyrgðartryggingu sem tryggja skaðleysi kaupenda og seljenda fasteigna þegar mistök þeirra leiða til bótaskyldu.
3. að stuðla að því, án þess þó að gera það að beinni lagaskyldu, að eigendur fasteigna sem ætlaðar eru til íbúðar haldi viðhaldsdagbók sem sé færð rafrænt undir fastanúmeri eignar.
4. að hægt verði að ganga frá einföldum löggerningum á borð við umboð vegna sölu fasteignar, undirritun leigusamnings og kaupsamnings um fasteign rafrænt með notkun þjónustu á borð við island.is.

4x4
JEPPAR


SSANGYONG


Fimm ára ábyrgð

VETRARSÓL

Skínandi tilboð á fjórhjóladrifnum jeppum!



Birt með fyrirvara um mynd- og textabengi.

-300.000 kr.
Tilboðsverð:
6.690.000 kr.
Verð áður: 6.990.000 kr.

SSANGYONG REXTON - ALVÖRU JEPPI

Hluti af staðalbúnaði:

- Bíll byggður á grind
- Millikassi með læsingu og lágu drifi
- 7 þrepa sjálfskipting
- 7 manna
- Sjálfstæð fjöðrun að aftan
- 420 við 1600-2600 Nm tog
- 9,2" snertiskjár, bakkmyndavél, leiðsögukerfi
- 9 loftpúðar

Nánari upplýsingar á benni.is

Gríptu tækifærið - tryggðu þér jeppa sem kemur þér alla leið... og lengra.

SsangYong fjölskyldan samanstendur af fjórhjóladrifnum jeppum sem eru margverðlaunaðir, á hagstæðu verði og ótrúlega vel búnir, svo skemmir ekki fyrir að samkvæmt könnun eru eigendur SsangYong á meðal ánægðustu bíleigenda í Bretlandi.


benni.is

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílaþjón
Benna
Sérfræðingar í bílum



SAMSKIPTAÖRÐUGLEIKAR OG ÓRAUNHÆFAR KRÖFUR

Fjölskyldan er lifandi fyrirbæri. Hún vex þegar nýir einstaklingar koma til sögunnar og dregst saman þegar ástvinir hverfa á braut. Í raun er réttast að tala um fjölskyldur, frekar en fjölskyldu, þar sem samsetning þeirra er fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr. Allar eiga þær það þó sameiginlegt að ganga í gegnum erfiða tíma og krefjandi áskoranir.

Verst þegar fólk kemur of seint

„Það er mjög algengt að annar aðilinn sé búinn að tala um það lengi að aðstoðar sé þörf en að makinn átti sig ekki á alvarleika málsins. Það er ekki fyrr en það kemur í ráðgjöf að fólk uppgötvar hversu alvarlegt ástandið er,“ segir Ragnheiður Kristín Björnsdóttir, hjúkrunar- og fjölskyldufræðingur, sem sérhæfir sig í parasamböndum. Hún segir vanda fólks oftast byggja á samskipta- og virðingarleysi en hraðinn í þjóðfélaginu geri það að verkum að fólk gefi sér ekki



Ragnheiður Kristín Björnsdóttir.

tíma til að rækta sambandið við makann. „Það heldur að makinn verði alltaf þarna og fer að forgangsraða rangt,“ segir hún. Fólk sé upptekið við að koma sér þaki yfir höfuðið og ala upp börnin en þegar hægir á liggja sú spurning í loftinu hvort fólk eigi eitthvað sameiginlegt lengur. Þá sé fólk oft löngu búíð að tapa náðinni í sambandinu.

„Mér finnst við bæði vera að fá unga fólk sem er undir mikilli pressu og svo fólk á miðjum aldri, segir Ragnheiður. Til að byrja með svífi unga fólk um á bleiku skýi ástarinnar, svo komi skuldbindingarnar; þak yfir höfuðið og börn, og allt í einu sé fólk farið að spyrja sig að því hvort það hafi farið of hratt í sambandið. Margt geti spilað



Að elska er ákvörðun og maður þarf að vinna í því að halda ástinni við.

þar inn í, t.d. einhver persónueinkenni eða hegðun hjá makanum sem viðkomandi kann ekki við.

Verst sé þó þegar fólk er að koma allt of seint. „Makinn hefur kannski átt við einhverja erfiðleika að stríða og upplifur að hann hafi ekki fengið stuðning á sínum erfiðasta tíma í lífinu. Það kann að vera sökum vinnu hins aðilans ... og það deyr bara eitthvað. Þegar allt er yfirstaðið rankar makinn við sér og uppgötvar að hann vill ekki missa viðkomandi en þá er það stundum orðið of seint af því að þú varst ekki til staðar þegar þörf var á.“ Ragnheiður segir hæglega hægt að vinna skaða á sambandinu sem erfið er að laga en það sé oft ekki fyrr en þriðji aðili er kominn í málið að fólk fari að hlusta.

„Ég segi oft við foreldra: Þorið að vera foreldrar“

Ragnheiður segir samskiptavandamál eina stærstu ástæðu þess að fólk leitar sér aðstoðar en hann geti verið milli ólíkra einstaklinga; inn-

Ný formúla. Einstök virkni.

ALGAE BIOACTIVE CONCENTRATE

Kraftmikil, náttúruleg andlitsolía með örþörungum sem vernda kollagenforða húðar.

* Samkvæmt óháðri klínískri rannsókn, framkvæmd af húðlæknum



BLUE LAGOON
ICELAND

Sýnilegur árangur*
Nærandi 100%
Sléttari húð 95%
Eykur ljóma húðar 86%

Fánleg á bluelagoon.is og Laugavegi 15

EINKALEYFAVARIN NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI / SJÁLFBÆR FRAMLEIÐSLA / BYGGT Á VÍSINDARANNSÓKNUM



Úttek
FJÖLSKYLDAN

„Ég held að kynslóðin núna ætli að vera ofboðslega góð við börnin sín og geri jafnvel of mikið, sem letur börnin til sjálfstæðis.“



an fjölskyldunnar, við tengdafjölskylduna og svona mætti áfram telja. Stundum séu málin komin í því líkt óefni að fólk sé hætt að mæta í fjölskylduboð. Þá segir hún stjúpfjölskylduna mikla áskorun en það hafi m.a. aukist að foreldrar séu að láta afstöðu barna á unglingsaldri hafa áhrif á hegðun sína eftir skilnað. „Mér finnst orðið meira um að eldri börn séu að skipta sér af; pabbi og mamma megi ekki hitt og þetta. Þau eru búin að vera ein og nýi makinn kannski ekki viðurkenndur og allt reynt til að stía þeim í sundur. Mér finnst [unglingarnir] hafa orðið allt of mikil áhrif; fólk setur ekki sjálft sig í forgang heldur leyfir þeim að ráða. Og það leyfir stjúpforeldrinu kannski ekki að taka þátt í uppeldinu,“ segir Ragnheiður. Hún segir afar mikilvægt að fólk sé samstiga og mikilvægt að leyfa makanum að vera þátttakandi í uppeldinu.

En hvað veldur?

„Þetta er oft samviskubit yfir skilnaðinum ... samviskubit og meðvirkni. Ég segi oft við foreldra: Þorið að vera foreldrar. Það er það besta sem við gerum fyrir börnin okkar; að veita þeim ramma en á kærleiksrikan hátt.“ Ragnheiður segist verða töluvert vör við það að börn séu ekki látin axla neina ábyrgð. „Ég held að kynslóðin núna ætli að vera ofboðslega góð við börnin sín og geri jafnvel of mikið, sem letur börnin til sjálfstæðis. Við ætlum að vera svo góð en það snýst upp í andhverfu sína. Við þurfum

að vera til staðar en við þurfum líka að leyfa þeim að standa á eigin fótum.“ Hún segir hjón stundum ósammála um hvernig nálgast beri uppeldið að þessu leyti, ekki síst í stjúpsamböndum.

Ragnheiður segir nokkuð um að fólk leiti aðstoðar vegna hegðunarvandamála barna. Oftar en ekki megi rekja hegðunina til vanlíðunar og erfitt sé fyrir foreldra að horfa upp á börnin sín en geta ekki hjálpað.

„Streita getur verið af hinu góða en hún getur líka verið hættuleg heilsunni“

Spurð að því hvort hún verði vör við nýjan hugsunarhátt þegar kemur að parasambandinu; hvort fólk sjái fyrir sér að eiga í mörgum langtímasamböndum yfir ævina, svarar Ragnheiður neitandi. Fólk á miðjum aldri velti fyrir sér framhaldinu, það geri kröfur um hamingju og vellíðan, en yfirleitt sé markmiðið að bjarga sambandinu sem það sé í. Hún segir margan vandann mega rekja til hraðans og álagsins í nútíma-samfélagi. Kulnun sé ekki eitthvað sem sé bundið við vinnustaðinn, heldur eigi erfðleikar heima við og í

einkalífínu einnig sinn þátt í að fólk brennur út.

„Þegar þetta leggst saman þá er voðinn vís,“ segir Ragnheiður. „Streita getur verið af hinu góða en hún getur líka verið hættuleg heilsunni og það getur tekið tvö til þrjú ár að vinna sig út úr kulnun. Ónæmiskerfið hrynur og það er ekkert grín. Fólk þarf að hafa vit fyrir sjálfu sér.“

En hvernig geta meðferðaraðilar hjálpað?

Hvað varðar parasambandið segir Ragnheiður allar björgunaraðgerðir fyrst og fremst snúast um vilja parsins. „Ég bið fólk að skoða hug sinn og til hvers það er komið og hvað það vill fá aðstoð við. Fólk þarf að vera í þessu af heilum hug. Ég kem ekki með töfrasprota en ég get leiðbeint fólki gegnum dimman dal. Vinnan liggur hjá því sjálfu. Að elska er ákvörðun og maður þarf að vinna í því að halda ástinni við. Maður þarf að vanda sig og hlúa að sambandinu; þetta er vinna alla tíð, því neistinn getur sloknað og hann gerir það. Og stundum veit fólk ekki hvernig það á að kveikja hann aftur en það er hægt.“

Vertu glansandi í umferðinni með hreinum bíl

Pantaðu tíma strax í dag
- í síma 517 0333
- eða á netinu: www.bsh.is
Skráðu þig einnig í fríðindaklúbbinn

BÓNSTÖÐIN HÖFÐATORGI
Katrínartúni 2, 105 Reykjavík



Unga fólkíð reiðubúnara til að leita aðstoðar

„Það er þráðurinn hjá okkur að hjálpa fólki að eiga betra samtal og betri samskipti, það er ýmislegt sem leysist úr læðingi við það. Og að hjálpa fólki að þokast áfram; það er mjög algengt að þegar fólk kemur til okkar þá er það fast í einhverju samskiptamynstri sem virkar ekki.“ Þetta segir Rannveig Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

Fjölskylduþjónustan veitir einstaklingum, pörum og fjölskyldum ráðgjöf um hvaðeina sem snýr að samskiptum og Rannveig segir hópinn sem leitar sér aðstoðar fjölbreyttan en meðal algengustu viðfangsefnanna séu parasambandið og stjúp-fjölskyldur.

„Það er langalgengast að fólk komi af því að því líður illa í sambandinu, annaðhvort af því að það vill laga sambandið eða hjónbendið eða af því að það er búið að taka ákvörðun um skilnað eða er í skilnaðarhugleiðingum,“ segir Rannveig. Hún segir algengara að unga fólkíð leiti sér aðstoðar í tíma. „Það er meira vakandi og þykir eðlilegra og sjálfsgaðara að vinna með sambandið. Eldra fólkíð reynir frekar að þrauka og þreyja og svo kannski er það orðið of seint.“

En hvað er það sem veldur erfiðleikum í samböndum?

„Við finnum fyrir því að fólk er undir miklu álagi. Ungt fólk er að hefja sinn starfsferli og er kannski með langa menntun að baki. Það á erfitt með að finna svigrúm til að sinna fjölskyldulífinu og það



Rannveig Guðmundsdóttir.



Vanlíðan í sambandinu snýst um það að tilfinningar hafa dofnað.

er krefjandi og oft á kostnað ástarsambandsins því börnin verða að ganga fyrir. Og ég tala nú ekki um þegar fjárhagurinn er erfiður.“

Rannveig segir fjárhagsáhyggjur raunar algenga ástæðu þess að fólk leitar sér aðstoðar. Þær og álagið á einstaklinginn og fjölskylduna í nútíma-samfélagi. „Ef allir hefðu laun sem hægt væri að lifa af og sveigjanleikinn í atvinnulífinu væri meiri þá myndi það létta mikið undir,“ segir hún og nefnir sem dæmi fyrirkomulagið hjá mörgum fyrirtækjum á Norðurlöndunum þar sem fólk gefst kostur á að vinna heima einn dag í viku.

„Það getur hjálpað mjög mikið að fá nýja sýn“

„Fólk kemur líka þegar það hefur lent í áföllum eða sorg og það er einnig mjög algengt að fólk vilji fá aðstoð í tengslum við stjúp-fjölskylduna og stjúp-tengsl. Það verður allt flóknara þegar fólk er að hefja sambúð í annað eða jafnvel þriðja sinn og það fylgja börn báðum megin,“ segir Rannveig.

Hún segir svokallaðar samsettar fjölskyldur á leið með að verða algengasta fjölskylduformið en það krefjist mikils sveigjanleika og ekki síst skilnings á líðan barnanna. Hvað varðar börnin segir hún kvíða eitt stærsta vandmálið sem þau glíma við.

En hvað með pörin, hvernig er hægt að hjálpa þeim?

„Vanlíðan í sambandinu snýst um það að tilfinningar hafa dofnað, að ástin sé ekki jafnstór þáttur og var í upphafi. Fólk saknar þess og vill reyna að vinna í því í þeirri von að það sé hægt að laga sambandið. Þetta er stundum áfall og erfitt að koma ef þú ert að hugsa um að ljúka sambandinu. En þá getur hvoru tveggja gerst; að við aðstoðum fólk til að finna lausn eða við að hefja nýjan kafla,“ segir Rannveig.

„Það getur hjálpað mjög mikið að fá nýja sýn og hreyfast eitthvað áfram. Stór þáttur í því þegar við eigum við einhvern vanda að etja er að við erum föst í einskonar gildru og sjáum ekki leiðirnar út.“

Kjarnafjölskyldur eftir sveitarfélögum og fjölskyldugerð



2020	Einstaklingar	Hjónaband án barna	Hjónaband með börnum	Óvígð sambúð án barna	Óvígð sambúð með börnum	Karl með börn	Kona með börn
KJARNAFJÖLSKYLDUR	78.346	24.023	22.665	3.151	8.822	720	9.210
MANNFJÖLDI Í KJARNAFJÖLSKYLDUM	78.346	48.046	88.982	6.302	32.808	1.617	22.948

2019	Einstaklingar	Hjónaband án barna	Hjónaband með börnum	Óvígð sambúð án barna	Óvígð sambúð með börnum	Karl með börn	Kona með börn
KJARNAFJÖLSKYLDUR	121.815	33.440	22.905	4.350	10.415	1.354	10.894
MANNFJÖLDI Í KJARNAFJÖLSKYLDUM	121.815	66.880	90.372	8.700	38.770	3.054	27.400

Laugarnar
í Reykjavík



Úttekt

FJÖLSKYLDAN



„Það eru allar þessar kröfur; það er vinnan og svo þarf maður að hreyfa sig og sinna áhugamálum og tómstundum og vera góð vinkona eða vinur og sinna foreldrum eða tengdaforeldrum ...“

„Mjög oft er það þannig að fólk er mjög reitt og á erfitt með að tala saman“

Vigdís Ásgeirsdóttir sálfræðingur segir samskiptavanda eina helstu ástæðu þess að fólk leitar sér aðstoðar. Það eigi við um parasambandið en líka um samskipti parsins við aðra einstaklinga, sem oft sé rót vandans.

„Þetta eru samskiptin og dreifing á ábyrgð. Það er það sem fólk talar mjög oft um,“ segir hún. „Fólk er ekki sammála eða samstiga þegar kemur að daglegum verkefnum og svo er annað sem flækir málin; fyrrverandi makar, barnsmæður og barnsfeður, sérstaklega ef samböndin hafa endað illa. En jafnvel þegar sambönd enda vel koma gjarnan upp alls konar vandamál þegar nýir aðilar mæta á svæðið.“

Vigdís segir erfðeika fyrrverandi para oft mega rekja til reiði vegna óuppgerðra mála. „Fólk á ekki í nógu góðum samskiptum. Mjög oft er það þannig að fólk er mjög reitt og á erfitt með að tala saman og jafnvel að öll samskipti fari í gegnum þriðja aðila eða bara tölvupóst. Þetta er ósætti sem fólk hefur ekki unnið úr og alls konar tilfinningar sem blossa upp þegar nýr aðili er kominn til sögunnar. Og oft er fólk ekki sammála um uppeldið eða hvernig ábyrgðin dreifist.“

Fólk þarf aðstoð þegar svona er komið, nýtt sjónarhorn og verkfæri til að takast á við vandann. „Það er enginn skömm að því að fá aðstoð,“ segir Vigdís. „Það er meira en að segja það að fá öll svið lífsins til að ganga upp. Stundum þarf fólk bara hjálp.“

Eins og aðrir sérfræðingar segir Vigdís álagið á nútímafjölskyldunni allt of mikið. „Það eru allar þessar kröfur; það er vinnan og svo þarf maður að hreyfa sig og sinna áhugamálum og tómstundum og vera góð vinkona eða vinur og sinna foreldrum eða tengdaforeldrum ... Þetta eru ekki bara kröfur frá vinnumarkaðnum.“

Hún segir börnin ekki síður undir pressu. „Það eru mjög miklar kröfur gerðar til barnanna. Það eru skólinn og tómstundirnar, sem eru kannski tvær, þrjár eða fjórar, og þá er eftir að læra heima. Við vitum hvernig þetta er. Það þarf að sníða lífið þannig að það sé tími fyrir samveru,“ segir Vigdís. „Samvera er mjög mikilvæg og góð forvörn.“

Hún segir þennan álagsþátt í raun hafa komið sér á óvart. „Það glíma mjög margir við mikið álag og svo lendar fólk í áföllum og fólk fer á hnefanum í gegnum þau ... Á endanum fyllist mælirinn.“

Vigdís segir mikilvægt að samfélagið taki sig saman um að haga málum þannig að fólk fái aðstoð fyrr frekar en seinna. „Við sem samfélag þurfum að taka okkur saman um að það sé bara gott að fara fyrr og fá aðstoð því það getur mögulega komið í veg fyrir verri vanda seinna. En það verður að vera aðgengi fyrir alla að þjónustu, allir verða að eiga kost á því. Og þetta á ekki að vera síðasta úrræðið.“

Vigdís Ásgeirsdóttir.



Edda Hannesdóttir – sálfræðingur

■ „Til mín leitar m.a. fólk í hjóna/pararáðgjöf. Mjög mikið fólk sem er milli fertugs og fimmtugs. Það er yfirleitt búið að vera mikið álag; nám, vinna, barneignir, uppeldi og að eignast eða leigja húsnæði.“

Flest allir aðilar vinna fullan vinnudag og jafnvel meira, sem veldur miklu álagi. Fólk gleymir eða gefur sér ekki tíma til hlúa að sambandinu, hvort öðru og áttar sig á þegar aðeins fer að róast að nándin er farin og kominn samskiptavítahringur. Þá spyr fólk: Vil ég hafa þetta svona það sem eftir er? Þegar að þör hættu að næra hvort annað þá hafa þau fjarlægst, finnast þau ekki eiga lengur samleið og upplifa ástleysi. Því er gagnlegt að fara í yfir sögu sambandsins og athuga tengslaparfir, samskipti og fleira.

Niðurstaða MA-rannsóknar minnar á helstu ástæðum skilnaðar og sambúðarslita sýndi að um 64% nefndu „áttum ekki lengur samleið“, 51% nefndu „ástleysi“, „samskiptaerfiðleika“ nefndu tæp 43%, „ágreiningur um forgangs röðun heimilis, fjölskyldu



og frístunda“ tæp 40% og „áfengis- og fímuefnavandamál“ 35,5%.

Það hefur einnig fæst í vöxt að ung pör leiti sér aðstoðar vegna samskiptavanda. Mikið álag fylgir uppeldi og ummönnum barna þegar báðir aðilar vinna mikið til að ná endum saman. Ágreiningur um tíma er oft mikill því það er ekki er mikill tími aflögu. Það er því gott að fólk leiti sér faglegrar ráðgjafar og geri sér grein fyrir stöðun sinni í sambandinu og skoði hvað sé til ráða.

Annar hópur sem leitar sér gjarnar aðstoðar eru pör sem eru í seinna sambandi og því fylgja börn úr fyrri samböndum s.s. stjúp börn. Það gefur auga leið að erfitt getur verið að sameina tvær fjölskyldur, ef þannig má að orði komast.

Þá er einnig talsvert um að fólk komi til mín þar sem ákvörðun um skilnað liggur fyrir og það er að leita sér ráðgjafar til þess að skilnaðurinn verði sem sársaukaminnstur fyrir börnin.

Álag, tímaleysi, samskiptavandi og saga (reynsla í æsku og uppveiti) annars eða beggja aðila er oft að trufla sambandið.

Fyrir
líkama
og sál



www.itr.is

Kjötkompaní

Konudagur

20% afsl. 21-22
FEBRÚAR

NAUTALUND
DE LUXE

NAUTA MÍNÚTUSTEIK
Í HVÍTLAUK OG PIPAR

LAMBAKONFEKT

SÜKKULADIMOUSSE
EFTIRRÉTTUR

Hafnarfjörði & Grandá

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)



Tími fyrir mannúð og miskunn

Eftir / Hólmfríði Gísladóttur

Upp er komin skringileg staða þar sem framtíð varnarlausra barna og fjölskyldna þeirra virðist velta á því hvernig dómismálaráðherra svaf þá nóttina. Á því hvort morgunverðurinn rann ljúflega ofan í hann, hvort skrifborðs-stóllinn í ráðuneytinu var rétt stilltur og ofnarnir í takt við veðurspána. Til að hindra útlendingayfirvöld í að senda börn og ungmenni aftur í ömurleikann sem þau flúðu þarf að efna til mótmæla og undirskriftasafnana og fá fjölmiðla til að vekja athygli á málinu. Það er síðan undir geðþótta ráðherra hvað verður. Mikið veitur á því hvernig hann er stemmdur í hvert sinn.

Þetta ástand er óþolandi. Fyrir hvert það barn sem almenningi hefur tekist að bjarga með hneyskulan og vanþóknun eru eitt eða tvö eða þrjú sem eru send burt án þess að við verðum nokkurn tímann vör við það. Alþjóðlegar stofnanir, hjálparamtök og erlendir miðlar hafa lýst því hvað bíður þeirra; líf á götunni, óvissa um skólavist og atvinnu til handa foreldrunum, fordómar og útlendingahatur. En þetta metur Útlendingastofnun nógu gott; í copy/paste-niðurstöðum er vitnað til laga og reglna sem eru í engum takti við raunveruleikann. Stofnunin vísar í yfirlýsingar stjórnvalda í Grikklandi, orð án aðgerða, og velur „staðreyndir“ eftir hentugleika. Það hlýtur að vera hverjum ljóst sem kynnir sér ákvarðanir Útlendingastofnunar að markmiðið er ekki að sýna mannúð, heldur að leita alla leiða til að vísa fólki burt.



Það þarf einbeittan brotavilja til að leiða hjá sér allar þær upplýsingar og viðvaranir sem liggja fyrir um að Grikkland sé alls enginn staður til að senda börn. Þar mótmæla bæði flóttmenn og heimamenn aðstæðum sem eru ömurlegar fyrir alla hlutaðeigandi. Um 40 þúsund manns búa nú í búðum sem reistar voru fyrir fimm þúsund manns. Fólk sefur í forinni undir berum himni, hefur engan stað til að ganga örna sinna og þarf að hafa sig allt við til að afla sér matar og annarra nauðsynja. Hvort þú færð lækniástoð fer eftir því nákvæmlega hvar þú ert staðsettur og hversu illa þú ert haldinn. Kallað er eftir því að búðirnar verði tæmdar, fólk flutt burt af eyjunum. En kerfið á meginlandinu er þegar sprungið. Allir virðast sammála um að aðrar þjóðir verði að gera meira en viljinn er ekki til staðar. Ekki heldur á Íslandi, þar sem rjóminn flæðir, ef marka má sjálfumglaða pólitíkusana.

„Hvenær ætlið þið að hysja upp um ykkur og ákveða að nú sé nóg komið? Hvað eruð þið hrædd við?“

Hvenær ætlið þið að hysja upp um ykkur og ákveða að nú sé nóg komið? Hvað eruð þið hrædd við? Fordæmisgildið? Að opna flóðgáttina? Hér er nóg af öllu fyrir þessi börn og miklu fleiri. Meirihluti ykkar hefur barist hatræmmlega gegn auknu Evrópusamstarfi; það er svo gríðarlega mikilvægt að halda í sjálfstæði. En til hvers að berjast fyrir sjálfstæði og sjálfræði ef maður ætlar ekki að nýta það? Nú er tímabært að grafa djúpt eftir mannúðinni og hætta að senda börnin til baka. Valdið liggur hjá ykkur. Ef sá tími kemur að við megum ekki við því að taka við fleirum, þá beitum við sama sjálfræðinu til að segja hingað og ekki lengra. Og þá getum við að minnsta kosti horft til baka, sagt að við höfum gert það sem við gátum, og átt góðan nætursvefn.



JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON



Eftir / Gunnar Braga Sveinsson

Strengjaráðherrann

Í þættinum Víglínan sem sýndur var á Stöð 2 sl. laugardag opinberaði iðnaðarráðherra, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, enn og aftur áhuga sinn á að kanna það að flytja út íslenska raforku um sæstreng til Evrópu. Það hefur ráðherrann sagt áður. Hún talaði líka um að íslenski raforkumarkaðurinn væri óþroskaður. Það hefur ráðherrann sagt áður. Ráðherrann hefur einnig komið fram og sagt frá áhyggjum sínum af einangrun raforkukerfisins og meintri sóun í kerfinu sem mætti laga með útflutningi á raforku um sæstreng. Það er sama hversu oft ráðherrann reynir að telja okkur hinum trú um að hún sé enginn sérstakur talsmaður útflutnings á raforku um sæstreng þá kemur upp aftur og aftur önnur mynd. Ráðherrann er frekar fúl yfir því að almenningur og sérstaklega hennar eigin flokksmenn bregðist illa við orðum hennar. Ráðherrann talar um að það sé ekkert að því að kanna raforkusölu um sæstreng. Það vill nú þannig til að

búið er að skoða þetta allífarlega, m.a. hefur komið fram að orku-fyrirtækin gætu hagnast en almenningur og atvinnulíf fengi hærrí orkureikninga. Hvað er þá líklegt að breytist til framtíðar? Líklega mun ný og betri tækni gera strenginn hagkvæmari og e.t.v. mun orkuverð á meginlandinu hækka. Ábatinn af þessu mun allur renna til orkufyrirtækja, eigenda virkjana og rekstaraðila strengsins eða dettur einhverjum eitthvað annað í hug? Landsvirkjun, krúnudjásn íslenska ríkisins, hefur farið fremst í flokki strengsliða þótt fleiri dingli á snúrunni. Landsvirkjun hefur ekki viljað upplýsa Íslendinga eða fulltrúa þeirra á Alþingi um hversu mikið sé búið að kosta til við undirbúnings sæstrengs. Nei það kemur okkur ekki við. Tímabært er að endurskoða lög um Landsvirkjun, hlutverk stjórnar og forstjóra, upplýsingaskyldu o.fl. Stefna þessa fyrirtækis virðist ekki vera sú að nýta samkeppnisforskið sem felst í að geta

- framleitt græna orku og selt á sanngjörnu verði til atvinnuuppbyggingar hér heima. Það virðist sem fyrirtækið hafi ákveðið að taka upp verðskrá til samræmis við það sem gerist á meginlandi Evrópu. Orkuverð hækkað og samkeppnishæfnin minnkuð.
- Ég er mikið búinn að velta því fyrir mér hvers vegna ríkisstjórnin og sér í lagi Sjálfstæðisflokkurinn

Það er sama hversu oft ráðherrann reynir að telja okkur hinum trú um að hún sé enginn sérstakur talsmaður útflutnings á raforku um sæstreng þá kemur upp aftur og aftur önnur mynd. Ráðherrann er frekar fúl yfir því að almenningur og sérstaklega hennar eigin flokksmenn bregðist illa við orðum hennar.

leggur svo mikið upp úr því að innleiða orkustefnu Evrópusambandsins. Ríkisstjórnin lagði mikið á sig til að troða hinum svokallaða orkupakka 3 í gegnum Alþingi. Ekki hefur enn komið fram hvers vegna svo mikið var lagt undir og fyrir hvern því ekki er það fyrir íslenska þjóð.

- Það er því augljóslega áhyggju-efni þegar ráðherrar tala aftur og aftur um einangraðan og óþroskaðan raforkumarkað eins og það sé til að undirbúa okkur undir stóru bombuna.
- En ég er ekki bara á móti rafstreng vegna þess að ég vil nýta orkuna hér heima. Ég er á móti honum vegna þess að með því værum við að færa Evrópusambandinu stórkostleg völd yfir ráðstöfun auðlinda okkar.



Höfundur er þingmaður Miðflokksins.

Aðsendar greinar ásamt mynd af höfundi sendist á ritstjorn@birtingur.is. Hámarks lengd texta er 450 orð.

Probi® Járn
mjólkursýrugerlar, járn, C-vítamín og fólásín
- fyrir aukna járnupptöku, hentar einnig á meðgöngu

- Milt fyrir meltingarkerfið
- Náttúruleg leið til að viðhalda góðum járngildum

abel heilsuvörur www.abelheilsuvorur.is



Sleggjan



„Er ekki komið nóg af klúðursmálum í borginni varðandi dýrar byggingar og vandræði í rekstri þeirra? Ætla borgaryfirvöld að fórna einhverju verðmætasta græna landi borgarinnar og ófyrirséðum fjármunum vegna skammsýni og hugmyndaleysis?“

Rut Káradóttir arkitekt. Tilefni ummælanna eru áform um að byggja um 4.500 fermetra hvelvingu í Elliðaárdal.

„Hvenær linnir þessu tilfinningaklámi? Hvenær fáum við að vera í friði hér úti á þessari eyju í Dumbshafi og höfum aldrei gert neinum neitt mein?“




Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor við Háskóla Íslands, er aldeilis ekki sáttur við að brottvísun íranska trans drengsins Maní Shahídi og fjölskyldu hans skuli hafa verið frestað.



„Stjórnvöld sýna enga miskunn. Nú hefur fjölskyldu Maní verið tilkynnt um brottvísun um leið og drengurinn gengur út af barna- og unglíngageðdeild.

Ég fordæmi þessa meðferð á barni í brýnni neyð. Engin miskunn, engin mannúð, enginn skilningur. Svei ykkur.“

Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingar.



„Auðvitað ekki hægt að bæta fyrir brot sem þegar er framið.“

Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, telur ekki að lög hafi verið brotin í Braggamálinu, þótt því sé haldið fram í niðurstöðu skýrslu borgarskjalavardar.



„Ríkisvaldið hyggst ekki bæta við peningum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að fjármagna stóra sameiningarátakið sitt.

Sveitarfélögin skulu borga sjálf fyrir sameiningarnar. Þeir 15 milljarðar sem veifað var í andlitnið á sveitarfélögum til að þau leggðu stuðning sinn við gjörninginn var alltaf blekking.“

Baldur Smári Einarsson, forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar. Tilefni ummælanna er drög Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitastjórnarráðherra, að frumvarpi sem miðar að því að löggesta lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga við 1000 manns. Í Bolungarvíkurkaupstað búa um 960 manns, sem uppfyllir ekki það skilyrði.

„Þú ert ekki bara að veita upplýsingar um þig, heldur þína, sem gætu komið þínum illa síðar.“



Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, hvetur fólk, sem tekur þátt í persónuleikaprófi Íslenskrar erfðagreiningar, til að hugsa sig tvisvar um áður en það deilir niðurstöðunum á samfélagsmiðlum.



„Myndin er sannkallaður löðrungur í andlit þolenda kynferðisofbeldis.

Aðra eins upphafningu nauðgunarmenningar er varla hægt að bera á borð.“

Hópur kvenna sendir frá sér harðorða yfirlýsingu vegna sýningar á kvikmyndinni Elle á RÚV á sunnudagskvöld.

Góð vika



Daði Freyr og félagar

„Ókei ég get dáðið hamingjusöm. Russell Crowe horfði á myndband sem ég gerði.“ Já, **Guðný Rós Þórhallsdóttir**, leikstjóri vídeósins við lagið Thinking About Things, sem er framlag tónlistarmannsins **Daða Freys og Gagnamagnsins** til Söngvakeppninnar, átti erfitt með að hemja tilfinningarnar þegar í ljós kom að sjálfur Russell Crowe hafði deilt myndbandinu á Twitter.

Crowe er eins og kunnugt er mikill Íslandsvinur eftir að hafa dvalið hér við tókur á stórmyndinni Noah um árið en það sem færri vita er að leikarinn hefur líka dälæti á Eurovision og svo virðist sem Íslenska lagið og myndbandið við það hafi hitt í mark. Daði sjálfur virtist varla trú á því að Óskarsverðlaunahafinn hafi sett vídeóið á samfélagsmiðla: „Var Russell Crowe að deila myndbandinu?“ skrifaði hann á Twitter. Fyrir utan þetta hafa ýmsar erlendar stjórnur keppt við að lofa lagið, sem er komið með yfir 44 þúsund áhorf á YouTube, og hafa Daði og félagar því fulla ástæðu til að gleðjast, enda ekki oft sem lögin í Söngvakeppninni vekja jafnmikil viðbrögð utan landsteinanna.



Slæm vika



Dagur B. Eggertsson

Borgarstjóri Reykjavíkur hefur ekki átt sjö dagana sæla undanfarið og svo virðist sem sótt sé að honum úr öllum áttum. Athafnamaðurinn Bolli Kristinsson er einn þeirra sem hefur beint spjótum sínum að Degi og segir tilraun hans og borgaryfirvalda með lokun gatna í miðbænum ekki aðeins hafa misheppnast heldur hafi hún valdið fjölda fyrirtækja gífurlegu tjóni. Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, vandar borgarstjóra heldur ekki kveðjurnar vegna skýrslu borgarskjalavardar um Braggamálið og einn virtasti arkitekt landsins, Rut Káradóttir, skilur ekkert í borgaryfirvöldum að ætla „að fórna einhverju verðmætasta græna landi borgarinnar og ófyrirséðum fjármunum vegna skammsýni og hugmyndaleysis“, með vísan í áformin um að byggja um 4.500 fermetra hvelvingu í Elliðaárdal. Og þá er úpptalin forystusveit Eflingar sem sakar borgina um að hafa slegið á útrétta sáttarhönd lágláunafólks í yfirstandandi kjaraviðræðum. Nei, það er svo sannarlega ekki ófundusvert hlutskipti að vera borgarstjóri um þessar mundir.



FÆST NÚ ÁN LYFSEÐILS Í NÆSTA APÓTEKI

VALABLIS | TIL MEÐFERÐAR VIÐ FRUNSUM

- INNIHELDUR VALACÍKLÓVÍR
- ÓPARFI AÐ KOMA VIÐ SÝKT SVÆÐI
- TVEIR SKAMMTAR Á 12 TÍMUM
- FYRSTA LYFIÐ TIL INNTÖKU FÁANLEGT Í LAUSASÖLU
- EKKI SJÁANLEG MEÐFERÐ Á VÖRUM

Valablis 500 mg filmhúðaðar töflur. Ábendingar: Valablis er notað til að meðhöndla frunsur hjá heilbrigðum einstaklingum með eðlilega nýrnastarfsemi sem eru 18 ára og eldri og hafa áður verið greindir með áblástur (frunsur) af lækni og þurfa endurtekná meðferð vegna áblásturs. Lyfið virkar með því að drepa eða stöðva vöxt veira sem kallast herpes simplex. Dagsetning endurskoðunar textans: 8. febrúar 2017. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfins. Lettið til læknis eða lyfjalæknings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

FÆST ÁN LYFSEÐILS Í NÆSTA APÓTEKI | LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN

alvogen.is



V

Viðtal

HALLGERÐUR
HALLGRÍMSDÓTTIR

„Dóttir mín breytti mér þótt ég fengi aldrei að horfast í augu við hana“

Hallgerður Hallgrímsdóttir myndlistarmaður opnar á morgun sýninguna *Dauðadjúpar sprungur í galleríinu Ramskram á Njálsgötu*. Þar sýnir hún ljósmyndir sem hún tók fyrstu mánuðina eftir að dóttir hennar fæddist andvana. Margar myndanna segist hún ekki muna eftir að hafa tekið, henni hafi liðið eins og hún væri inni í sorgarhjúp sem aðskildi hana frá veröldinni.

Ég fór upp á fæðingardeild í september 2015 og hélt bara að ég væri að fara að fæða barnið mitt, sem ég gerði reyndar, en þegar ég var komin þangað fannst enginn hjartsláttur hjá barninu,“ segir Hallgerður um þá reynslu sem liggur að baki myndunum. „Þetta var stærsta áfall lífs míns og þegar ég kom heim af spítalanum vissi ég ekkert hvað ég ætti að gera. Eitt af því sem ég gerði þegar ég vaknaði eftir fyrstu nóttina heima var að taka upp myndavélina og taka sjálfsmynd, sem verður á sýningunni, og næstu mánuði á eftir eigraði ég mikið um hverfið þar sem ég bjó og var nýflutt í. Ég fór líka mikið í bíltúra með manninum mínum og væflaðist bara eitthvað um. Ég var alls ekki með það í huga að vinna verk á þeim tíma, en svo fóru áteknu filmurnar að stafast upp í ísskápnum og þegar ég tók eftir því framkallaði ég filmurnar og fór að skoða myndirnar. Þá breyttist mín leið til að taka myndir þínulítið. Maður tekur myndir öðruvísi þegar maður hefur ekkert ákveðið markmið í huga og ég mundi ekki einu sinni eftir því að

hafa tekið margar af þessum myndum sem voru á filmunum.“

Sorgin dró hulu yfir allt

Hallgerður segir í kynningu á sýningunni að hún hafi að einhverju leyti notað myndavélina sem hlíf gegn þeim tilfinningum sem hún upplifði á þessum tíma.

„Já, kannski,“ viðurkennir hún. „Ég held að myndavélin fangi að einhverju leyti það sem er að brjótast um í undirmeðvitundinni. Þannig að myndirnar fanga líka sálarástand ljósmyndarans. Sumir segja að allar myndir sem ljósmyndarar taka séu sjálfsmyndir. Mér fannst á þessum tíma vera ótrúlega mikil fjarlægð milli mín og heimsins. Mér leið eins og sorgin drægi hulu yfir allt, eins og ég væri föst í sömu sporum og tíminn liði ekki fyrir mig heldur bara fyrir aðra. Upplifði þetta dálítið eins og dagarnir væru seigfljótandi, svona eins og þegar mann dreymir að einhver sé að elta mann og maður reynir að hlaupa en tekst það ekki. Þetta ástand varði í um það bil ár og myndavélin var á milli mín og heimsins.“

”

„Við svona áfall fer maður dálítið að endurmeta lífið, þannig að maðurinn minn hætti í vinnunni og við fórum í ferðalag saman og náðum að endurhugsa það hvað okkur finnst mikilvægt í lífinu og hvernig við vildum verja tíma okkar.“

Spurð hvað fleira hún hafi gert til þess að reyna að vinna úr sorginni segir Hallgerður að hún og eiginmaður hennar, Sigurður Arent, hafi meðal annars verið í stuðningshópi sem Landspítalinn stendur fyrir fyrir fólk í þessari stöðu.

„Það er skipulagt þannig að nokkrum mánuðum eftir áfallið er fólk boðið að koma og taka þátt í hópvinnu með öðrum sem hafa misst barn á meðgöngu,“ útskýrir hún. „Þar ræðir fagfólk við hópinn og mér fannst rosalega gott að sækja þessa þerapíu. Ég hitti líka sálfræðing á Landspítalanum sem sérhæfir sig á þessu sviði og það var mjög hjálplegt. Við svona áfall fer maður dálítið að endurmeta lífið, þannig að maðurinn minn hætti í vinnunni og við fórum í ferðalag saman og náðum að endurhugsa það hvað okkur finnst mikilvægt í lífinu og hvernig við vildum verja tíma okkar.“

Trúði ekki að allt hefði gengið vel

Hallgerður segir ekkert hafa bent til þess að neitt væri að fyrr en hún var komin á fæðingardeildina með hríðir. „Ekkert neitt,“ segir hún. „Ég var sko sprækasta óléttu kona norðan Alþjóðanna

og ég reyni að komast hjá því að tala um þetta við óléttar konur, þó að í langflestum tilfellum fari allt vel. Ég reyni stundum að komast hjá því að nefna að mínar meðgöngur hafi verið tvær af því að ég á bara eina dóttur sem er á lífi.“

Seinni dóttir Hallgerðar fæddist rúmu ári eftir fyrri fæðinguna, var hún ekki skelfingu lostin alla meðgönguna?

„Jú, eða ég held að rétta svarið sé að ég var mjög hrædd,“ segir hún. „En ég sagði öllum að ég hefði það fínt og væri ekkert stressuð og ég held meira að segja að ég hafi trúað því sjálf, sem var auðvitað ekki rétt. Ég held það hafi tekið mig um það bil viku að meðtaka það að hún hefði komið í heiminn heil á húfi. Ég gat bara ekki áttað mig á því að þetta hefði tekist. Í undirmeðvitundinni átti ég kannski alltaf von á því að það myndi ekki ganga. Það var hræðileg líðan, en ég veit ekki hvernig mér hefði átt að líða öðruvísi. Stundum verður maður bara að sætta sig við að það séu tímabil í lífinu þar sem manni leið kannski ekki vel og það er svo undarlegt að stundum skilur maður

VILDARKORT

LIND
FASTEIGNASALA

- FÁÐU MEIRA

Allir kaupendur og seljendur hjá Lind fasteignasölu

fá **VILDARKORT LINDAR**

sem veitir **30% AFSLÁTT**

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



S:HELGASON



Flügger litir



LEGGUR GRUNN AD GÓÐUM DEGI



ÍSLEIFUR JÓNSSON

DORMA



HÚSGAGNA
HÖLLIN



STOFNÓFRAZI - SINI SAS 1300



- gerir hús að heimili

Fáðu framúrskarandi þjónustu og skráðu eignina þína á **FASTLIND.is**



LIND Fasteignasala
**Uppspretta
ánægjulegra
viðskipta**



Viðtal

HALLGERÐUR
HALLGRIMSDÓTTIR

ekki hversu langt niðri maður var og hversu illa manni leið fyrr en maður kemur upp úr dýpinu og er farið að líða betur.“

En jafnar fólk sig nokkurn tímann fullkomlega á því að hafa misst barnið sitt?

„Nei, og ég er ekkert viss um að ég vilji jafna mig fullkomlega,“ segir Hallgerður ákveðin. „Mér finnst einhvern veginn að Dýrleif, frumburðurinn minn, hafi breytt lífi mínu og breytt mér þótt ég hafi aldrei fengið að horfast í augu við hana. Og mér finnst að hún eigi að hafa gert það. Mér fyndist eiginlega sorglegra ef hún hefði ekkert skilið eftir sig, þannig að maður lifir með sorginni og það er stundum ljúfsárt.“

Gott að hafa afsökun fyrir að tala um missinn

Það að fara að vinna í þessum myndum og setja saman sýningu hlýtur að hafa kippt þér aftur í þennan tíma að einhverju leyti? „Já, ég var einmitt að hugsa um það þegar ég fór að skrifa kynningartextann fyrir sýninguna,“ segir Hallgerður. „Þetta er erfitt en þetta er gott. Ég hugsaði; nú sit ég hér uppi í sófa með tár á kinn en ég valdi það sjálf að vera í þeirri stöðu að þurfa að setjast niður og skrifa þennan texta. Það er samt gott að hafa afsökun til þess að tala um hana og þessa reynslu vegna þess að hún hverfur aldrei.“

Margir sem hafa misst barn hafa talað um hvað öðru fólk virðist finnast erfitt að tala um það sem hefur gerst. Hallgerður segist skilja það vel.

„Fólk veit náttúrlega bara ekkert hvað það á að segja,“ segir hún og brosir. „Og það er mjög skiljanlegt. Ég hefði heldur ekkert vitað hvað ég ætti að segja við konu í þessum aðstæðum ef ég væri hinum megin borðsins. Ég finn það sjálf að ég er orðin miklu betri í því að eiga samskipti við fólk sem missir einhvern nákominn. Mér finnst ég hafa lært rosalega mikið af þessu en ég get svo sem ekkert

gefið nein ráð um það hvað fólk á að segja, það er oft bara gott að fólk segi að það sé til staðar og segi ‚ég samhryggist‘ þótt manni finnst það voðalega klaufalegt orðalag á íslenskunni. Þegar maður heyrir þessi orð í þessari stöðu er það samt svo fallett. Það þýðir bara að fólk upplífi samkennd með manni, eða ég tók því allavega þannig og fannst gott að heyra það. En svo vill maður stundum heldur ekkert sjálfur vera að tala um þetta. Stundum er maður bara í partíi og vill fá að hafa gaman.“

Óskrifuð regla að tala ekki um fósturmissi

Hallgerður segir þau hjónin alltaf hafa verið mjög opinská um það sem kom fyrir, hafi sent frá sér Facebook-status um missinn og það hafi komið henni á óvart hvað margir höfðu samband til að ræða eigin upplifun eftir það.

„Það voru svo margir sem komu til mín og sögðust hafa lent í því sama fyrir kannski þrjátíu árum og höfðu aldrei beint talað um það,“ útskýrir hún. „Ég held þetta hafi verið svo mikið tabú svo lengi. Og þá er ég bæði að tala um fósturmissi og andvana fæðingar. Ég held að við séum komin svolítið lengra í dag og þetta þurfi ekki að vera feiminsmál lengur. Mér finnst samt skrytið að fósturmissir fyrir tólf vikur meðgöngu sé enn þá eitthvað sem fólk á bara að eiga eitt með sjálfu sér. Það er alltaf talað um að maður eigi ekki að segja neinum frá óléttunni fyrr en eftir tólf vikna sónarinn og ég skil það alveg. En mér finnst samt athyglisvert að það sé þínulítið ætlast til þess að það sé bara einkamál ef eitthvað kemur fyrir á þeim tíma og við eigum bara að halda áfram að mæta í vinnuna eins og ekkert hafi iskorist. Ég er ekkert viss um að það henti endilega öllum. Auðvitað verður fólk bara að hafa þetta eins og það vill en þetta er samt einhvers konar óskrifuð regla í samfélaginu enn þá. Eitt af því sem mér fannst gott við að vinna þetta verk er að þótt

Mér finnst að undanfarna áratugi hafi það ekki endilega þótt mjög kúl eða flott að gera myndlist sem gerist inni á heimilinu eða segja persónulegar sögur, úr þessum kvenlæga heimi sem inniheldur óléttur og móðurhlutverkið og allt það.



ÞÚ FINNUR ALLT FYRIR ÁHUGAMALIN HJÁ OKKUR

pingpong.is pingpong.is pingpong.is pingpong.is

Ping Pong.is

Síðumúli 35 (gengið inn að aftanverðu) - 108 Reykjavík - S: 5683920
Opíð 12:30-18:00

TILBOÐ HJÁ ÍSLANDSHÓTELUM



GÆÐASTUND Á GRAND



Gisting fyrir tvo í Tower View herbergi á Grand Hótel Reykjavík
Morgunverðarhlaðborð
Tveggja rétta kvöldverður á Grand Brasserie
Aðgangur fyrir tvo í Reykjavík Spa

Bókaðu í síma 514 8000
eða info@grand.is

Tilboðsverð: 29.900 kr.

ÖLL TILBOÐIN
ER HÆGT AÐ FÁ
SEM GJAFABRÉF

Rómantík Í REYKHOLTI

Gisting fyrir tvo með morgunmat á Fosshótel Reykholti, tveggja rétta kvöldverði og aðgangi í Krauma

Bókaðu í síma 435 1260
eða reykholt@fosshotel.is

FOSSHOTEL
REYKHOLT



Einstakt
tilboð
fyrir tvo
29.900 kr.



Huggó á Húsavík sjóböð og slökun

Gisting fyrir tvo með morgunmat á Fosshótel Húsavík, tveggja rétta kvöldverði og aðgangi í GeoSea sjóböðin

Tilboð
fyrir tvo á
25.900 kr.

FOSSHOTEL
HÚSAVÍK

Bókaðu í síma 464 1220 eða husavik@fosshotel.is



FEĞURÐ Á FÁSKRÚÐS- FIRÐI

Gisting fyrir tvo með morgunmat á Fosshótel Austfjörðum ásamt tveggja rétta kvöldverði

Tilboð fyrir tvo á 19.900 kr.

Bókaðu í síma 470 4070
eða austfirdir@fosshotel.is

FOSSHOTEL
AUSTFIRDIR





Viðtal

HALLGERÐUR
HALLGRÍMSDÓTTIR

Þetta sé mjög persónulegt verk og fjalli algjörlega um mína upplifun þá er ég líka að reyna að búa til verk sem fólk getur kannski samsamað sig með þótt það hafi ekki lent í nákvæmlega því sama og ég. Mig langaði að skapa einhvers konar vettvang til þess að tala um þessa hluti. Mér finnst að undanfarna áratugi hafi það ekki endilega þótt mjög kúl eða flott að gera myndlist sem gerist inni á heimilinu eða segja persónulegar sögur, úr þessum kvenlæga heimi sem inni-

heldur óléttur og móðurhlutverkið og allt það. En mér finnst það reyndar líka vera að breytast og mér finnst mikilvægt að reyna að taka þátt í því, þótt það hafi ekki verið hugmyndin upprunalega. Og þótt sögulega hafi heimilið verið ríki kvenanna þá er það í dag allra og sorgin við að missa barn

allra foreldra, sama hvaða kyns þeir eru. Planið er að fylla rýmið af bleikum tjöldum og reyna að gera það pínulítið kvenlegra. Þessi bleiki litur gæti annaðhvort verið antíkbleiki litur-



Sýningin Dauðadjúpar sprungur verður opnuð laugardaginn 22. febrúar og stendur til 22. mars, en væntanlegir sýningargestir þurfa að hafa í huga að gallerí Ramskram er einungis opið um helgar.

inn heima hjá ömmu en hann gæti líka verið svona innanþíkubleikur og vísað til móðurlífsins.“

Alltaf valkostur að verða listamaður

Auk ljósmyndanna verður Hallgerður með sérstætt hljóðverk á sýningunni.

„Hljóðverkið byggir á því sem fóstrið heyrir inni í móðurlífinu. „White noise“ og hjartsláttur móðurinnar og einhvers konar vatnshljóð. Hljóð sem oft eru notuð til að róa nýfædd börn þar sem hljóðheimurinn er allt annar utan móðurlífsins. Það er líka hluti af því að skapa þægilegt andrúmsloft í galleríinu og um leið að draga hular

fyrir þannig að áhorfendur geti ekki séð allar myndirnar í einu heldur þurfi að dansa um rýmið.“

Þótt ljósmyndunin sé aðalmiðill Hallgerðar hefur hún þó unnið list í aðra miðla, meðal annars skrifað ljóð og texta, er það að blanda saman myndlist og skrifum arfur frá föður hennar, Hallgrími Helgasyni, rithöfundu og myndlistarmanni?

„Mér finnst ljósmyndun mjög heillandi en mér finnst líka nauðsynlegt að víkka hana aðeins út stundum, annaðhvort með texta eða hljóðheimi. Hugmyndin á alltaf að ráða og sköpunin þarf að fylgja henni. Ég hef farið krakustíga að myndlistinni, lærði upphaflega fatahönnun og vann svo í mörg ár sem blaðamaður þannig að ég

hef oftast séð fyrir mér með skriftum og hver veit nema ég eigi eftir að gera meira af því að skrifa skáldskap, það blundar alltaf í mér. Fyrst þú nefnir pabba þá hef ég einmitt verið að sjá það betur og betur hvað ég hef átt gott að búa að því að eiga pabba sem er listamaður. Að hafa alltaf vitað að það sé valmöguleiki. Margir eru hræddir við að demba sér út í listsköpun en fyrir mér var þetta alltaf einfalt, maður gat alveg eins orðið myndlistarlistamaður og pípari, þótt það sé reyndar aðeins meiri hausverkur að sjá fyrir sér sem myndlistarmaður. En það er mjög margt fólk í báðum ættum sem vinnur fyrir sér með list og maðurinn minn er sviðslistamaður þannig að ég hef alltaf meira og minna hrærst í heimi listarinnar.“

Auk ljósmyndanna verður Hallgerður með sérstætt hljóðverk sem byggist á því sem fóstrið heyrir inni í móðurlífinu. Hún segir það hluta af því að skapa þægilegt andrúmsloft á sýningunni.

Ný sundföt 2020



Selena

Bláu húsunum við Faxafen.S: 553 7355 www.selena.is

OTA SOL GRYN®



Dagurinn byrjar alltaf vel með OTA hafragrjónum



1

Lífsstíll

SVEFN

Að vakna endurnærður, fullur orku og framkvæmdavilja eru forréttindi. Sumir upplifa þetta oft en aðrir sjaldan eða aldrei. Góð hvíld er undirstaða þess að menn geti einbeitt sér yfir daginn og hugurinn virki eins og hann á að gera. Nætursvefninn segir til um hvernig líðanin er á morgnana og hvort dagurinn verði gefandi eða erfiður. Matur hefur meiri áhrif á svefn en menn halda og með réttu fæðuvali er hægt að ná að sofa betur.



Að sofa sætt og rótt

Langvarandi svefntruflanir eða svefnleysi hafa margvísleg áhrif á heilsu fólks. Meðal annars eru þær einn þáttur í ofþyngd og beinlínis ýta undir að menn velji óholla fæðu umfram holla. Hækkandi blóðþrýstingur, stoðkerfisverkir, slæm melting og sjóntruflanir geta einnig fylgt svefnleysi. En margt getur valdið því að menn eigi erfitt með að sofa. Í sumum tilfellum eru líkamleg veikindi orsakavaldur og í öðrum streita.

Sá lífsstíll sem menn velja hefur einnig mikið að segja. Hreyfing hefur mikil áhrif. Ef menn hreyfa sig lítið yfir daginn hefur það áhrif á hversu vel þeim gengur að sofna á kvöldin. Mataræði hefur einnig mikið að segja. Þung máltíð á kvöldin eða nart fram eftir veldur því að meltingin er á fullu og líkaminn að vinna úr fæðunni. Næringarefnum er dælt út um líkamann og í stað þess að finna fyrir slökun er orkan í hámarki. Kaffidrykkja hefur sömuleiðis mjög mikil áhrif og þeim

sem eiga erfitt með svefn er ráðlagt að drekka ekki kaffi eftir fjögur á daginn. Sterk tengsl eru milli þess hvernig við borðum og hvað við kjósum til matar og hvernig við sofum.

Borðaðu ævinlega á sama tíma og ekki of seint

Næringarfræðingar ráðleggja fólki eindregið að borða ævinlega á sama tíma yfir daginn. Hvort sem menn borða þrjár eða fimm máltíðir er best að raða þeim á tiltekna tíma og hvika ekki frá því nema lítillega. Ekki er hollt að borða seint á kvöldin og flestir hafa heyrt að best sé að ganga til náða tveimur til þremur tímum eftir að menn borðuðu síðast. Margir hafa þá reglu að borða ekkert eftir átta á kvöldin og það er góð venja.

Borðið nægt prótín

Prótín hjálpar líkamanum að jafna blóðsykurmagnið og er nauðsynlegt til að viðhalda vöðvamassa. Margir borða alls ekki nægilegt prótín og ættu að gæta þess vel að þungamiðja hverrar máltíðar sé ævinlega með prótínríka fæðu á borð við fisk, kjöt, baunir eða egg. Prótín hefur einnig þau áhrif að fólk nær dýpri og betri svefni hafi það fullnægt þörf líkamans fyrir þetta mikilvæga næringarefni. Þess vegna er gott að velja góða prótínjafa á kvöldin: kjúklingakjöt, baunir af hvaða tagi sem er eða fiskur eru þar á meðal. Avókadó er fituríkt og inniheldur omega-3 fitusýrur. Það er einnig saðsamt og kemur reglu á hormónabúskap líkamans. Það er þess vegna gott meðlæti

með kvöldverðinum og sömuleiðis grænt grænmeti á borð við brokkólí, spínat eða grænkál sem gefur járn og örvar starfsemi lifrarinnar.

Njóttu ylsins

Erfiðara er fyrir líkamann að melta kaldan og hráan mat. Þess vegna ættu menn ekki að borða sushi í kvöldmat eða kalt kjöt. Það er gott að borða heitan mat á kvöldin og súpur, kássur eða soðinn fiskur er kjörinn til þess að hjálpa fólki að sofna hratt og vel. Forðist hins vegar brasaðan eða steiktan mat og alkóhól í mat. Jurtaolíur og brætt smjör hafa örvandi áhrif á líkamann og ýta undir framleiðslu streituhormóna. Einnig verður ákveðin efnabreyting þegar steikarhúð myndast á mat, í raun brennur hann, og þau efni erta taugakerfið. Margir kjósa að fá sér koffínlaust jurttate eftir matinn í staðinn fyrir kaffi en það hefur róandi áhrif á taugakerfið og leggur grunn að góðum nætursvefni. Kamillute, sítrónute og fennel-teblanda eru góður kostur hvað þetta varðar.

”

Næringarfræðingar ráðleggja fólki eindregið að borða ævinlega á sama tíma yfir daginn. Hvort sem menn borða þrjár eða fimm máltíðir er best að raða þeim á tiltekna tíma og hvika ekki frá því nema lítillega.







**LANDSLIÐ KARLA
FORKEPPNI AÐ HM 2023**

 **ÍSLAND**
 **SLÓVAKÍA**

**SUN. 23. FEBRÚAR KL. 20:00
LAUGARDALSHÖLL**

MIÐASALA Á TIX: IS

SÝNDUR BEINT Á RÚV

JUNE

FRÁ PRIMAVERA



Verð frá 136.600 kr.

2gja sætta sófi

Komdu og láttu lífið leika við þig í sófa frá **Vogue fyrir heimilið**
June er fánlegur í fjölmörgum útgáfum og mismunandi áklæðum

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Lifstykkiabúðin

Fákafeni 9|108 Reykjavík

S:551-4473



a

Afþreying

KROSSGÁTA

					FLÍK	SÁ	EKKI	TRADKA		RJÚKA	NAGL-BITUR	TVEIR EINS	FISKUR	SVERFA		
				DRÖFN-ÖTTUR												
				JARDEFNI					SUTLA							
				MERGÐ			NIDUR FORLÖG							Í RÖÐ		
				LEGU								HALD				
				RAGN			ÍPRÓTT					BLADA		HÁMA		
			FJÖLDI							RÖT						
	↓	VÍÐS-VEGAR	SVELL	BARNINGUR				LEIKNI						LEIKUR		
								FLAGA								
GAFFALL						STAFLI						SETJA	RÍFA			
						BOLMAGN										
VITUR				ÓÞURFT						SVÍKJA						
				STÖKUM						SKESSA						
SPRIKL			LEYSIR				VAFI									
			ÍLÁT				SKRÁ									
VÖKVI					NAFNBÓT					BÁS						
					VIÐBIT					BLANDAR						
		SVARA				EINKENNI					ÖHREINKA					
		HULDU-MADUR				HVATNING					FUM					
MEGNUD-UM					DRYKKUR			ÚTDEILDI				STRÍÐNI				
					FÆDDI			LYKT				VESKI				
TVEIR EINS			GRANNUR				VARKÁRNI						SKREF	FJÖR		
			SLEPJA				ELSKA									
ÞAKBRÚN			VÍMA						FÍFLAST							
			KVK NAFN						SÁR							
LITUR					NÝR						FORSÖGN					
					TVEIR						ÁTT					
SPAUG				ÚT						HÁÐ						
ANGADI						MÓT-BÁRUR										

Létt					Miðlungs					Erfið					
6	3			7	5	8	3		7		3	5		4	7
2			8	6		4		9	5	2	9	4		8	2
1	9	5		4		2	9	1							
	4		1	8		5		9	4	7	2	9		4	
		3						3			7		2	6	3
9		8		1		6	5	7		4	8		1	6	
4			7	5	3			8	2	7					
	6	4		9		7	4	2		6	3		4	6	2
7	1		4	6			6		4	1	7	2		9	3

Kannaðu þekkingu þína á mannlíf.is

Í fréttum á heimasíðu Mannlífs er að finna svörin við þessum spurningum.



1



2



3

Íslenska kokkalandsliðið keppti nýlega á Ólympíuleikunum í matreiðslu í Stuttgart í Þýskalandi. Hvaða árangri náði liðið?



4

Hvers vegna fór Samherji fram á afsökunarbeiðni frá RÚV?



5

Hvaða íslenski veitingastadur endurheimti nýverið Michelin-stjörnu?

Af hverju er tónlistarkonan Billie Eilish hætt að lesa athugasemdir sem fólk skrifar á Instagram-síðuna hennar?



**NJÓTTU NÁTTÚRULEGRA
AUGNABLIKA LÍFSINS.**



NÝTT
NATURALLY GOOD
INNIHELDUR **LÍFRÆNT ALOE VERA**
FYRIR NÁTTÚRULEGAN LJÓMA



100% ENDURNÝTANLEGAR PAKKNINGAR



NÁTTÚRULEGASTA UMÖNNUNIN OKKAR



99% NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI

h

Hús & híbýli
HITT OG ÞETTA

Nokkrir vel valdir hlutir fyrir heimilið



1. Handsápa með náttúrulegum innihaldsefnum, 250 ml. Epal, 2.600 kr. 2. Matardiskur frá Broste Copenhagen – þar sem enginn er eins, 26 cm. Húsgagnahöllin, 1.990 kr. 3. Toio Red-lampinn frá Flos er blanda af billjósi og veiðistöng. Lumex, 155.000 kr. 4. Fagurgrænn lampi með velúrskermi. ILVA, 7.995 kr. 5. Voldugur vasi. Móðern, 21.900 kr. 6. Töff púði, 45x45 cm. Tekk Company, 4.900 kr. 7. Skál frá ILVA, 5.995 kr. 8. Marmarabakki undir ýmislegt smálegt. Casa, 5.990 kr. 9. Vandaður stóll frá danska merkinu Bolia. Snúran, verð frá 51.040 kr. 10. Krukka undir t.d. skart eða bómull. ILVA, 6.995 kr. 11. Bolli úr grófum leir. Bast, 1.995 kr. 12. Hægindastóll frá Wendelbo. Móðern, verð frá 274.900 kr.

Konudagstilboð

Nettilboð

30% afsláttur af öllum blaðaáskriftum*



* af fyrsta blaði í áskrift /gildir til 24. feb.

mannlif.is/askriftir

50.000 KR. AFSLÁTTUR
af hornsófum í febrúar



ÞÚ FÆRÐ DRAUMASÓFANN HJÁ OKKUR

900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum



Roma hornsófi verð 265.900 kr.



Josephine verð 365.000 kr.



Lyon sófasett verð 330.000 kr.

Sófar • Rúm • Stólar • Púðar • Skenkar • Borð • Hægindastólar



Svefnsófi verð 285.900 kr.



Kristalsvörur frá *Julia*
ŚWIAT KRYSTALU



Basel hornsófi verð 343.900 kr.

HÚSGÖGN FYRIR REKSTUR OG HEIMILI
Stólar • Borð • Borðfætur • Barstólar • Bekkir



Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Patti
HÚSGÖGN



Þegar inn var komið tók á móti okkur fallegt heimili í iðnaðarstíl með hlýlegu tvísti; svört viðarloft með þykkum bitum, ljóst eikarparket og brúnir og dökkir tónar eru áberandi í húsgögnum sem flest eru úr leðri eða grófum við.



Hlýlegur og hrár iðnaðarstíll í Garðabæ

Við kíktum í heimsókn til Lilju Guðmundsdóttur og Haralds Kolka Leifssonar sem búa ásamt tveimur sonum sínum í hvítu, huggulegu einbýlishúsi frá 1972, við Marargrund í Garðabæ.

Við erum búin að vera hérna í 8 ár, við bjuggum áður á Arnarnesinu en gallinn við að vera þar fannst okkur vera að þar er engin þjónusta og við vorum alltaf að skutla og sækja. Okkur finnst miklu hentugra að búa hérna á Marargrundinni þar sem við erum nær öllu, við höfum varla þurft að skutla strákunum neitt eftir að við fluttum sem er mikill kostur, þeir geta gengið allt sjálfir,“ lýsir Lilja og segir að þau hjónin séu bæði alin upp í Garðabæ en hafi búið í miðbæ Reykjavíkur þegar þau byrjuðu að búa. „Svo fórum við að fíkra okkur nær heimaslóðum með barneignum, fjölskyldur okkar og vinir eru flest hér og maður þekkir orðið marga í bænum, þetta er ekkert ósvipað því að búa úti á landi að mörgu leyti sem okkur finnst æðislegt.“

Lilja viðurkennir að þau hjónin séu Garðbæingar í húð og hár



„Ég heillast mjög af hlutum sem eru gerðir úr endurunnu hráefni, það er eitthvað við áferðina.“

og kannski einmitt þess vegna völdu þau að opna verslunina Barr Living í bænum, nánar tiltekið á Garðatorgi. Blaðamaður spyr Lilju út í það ævintýri, hvernig kom það til? „Ég var búin að ganga með þann draum mjög lengi að opna verslun, alveg frá því ég var tvítug örugglega. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á hönnun, fallegum húsgögnum og munum fyrir heimilið en ég lærði samt



viðskiptafræði í Danmörku, flutti svo heim og fór beint í bankakerfið að vinna eins og svo margir viðskiptafræðingar á þeim tíma. Vann hjá Íslandsbanka og svo Alvogen og Alvotech en allan tímann blundaði þessi draumur í mér. Svo þegar ég varð fertug hugsaði ég með mér, það er annaðhvort núna eða aldrei og ég sló til,“ segir Lilja og kveðst hafa leitað vel að þeim merkjum sem hún tók inn



í verslunina. Hún hafði ekki viljað vera með merki sem þegar fást á Íslandi, heldur eitthvað nýtt sem breiðkar vörurvalið.

Húsið er um 300 fermetrar, á aðal-hæðinni er stór stofa og borðstofa, eldhús, sólstofa og gangur, nokkrar tröppur liggja upp þar sem svefnherbergi og baðherbergi eru og niðri er svo annað baðherbergi og fleiri herbergi. Húsið er með krókum og kimum, svoltið eins og

lítið vöfundarhús og Lilja viðurkennir að hafa hálfpartinn villst fyrst þegar hún kom inn í húsið. „Það heillaði okkur, rýmið er skemmtilegt og hentar okkur mjög vel.“

Lilja segir þau hjónin hafa heillast af skipulaginu og strúktúrnum á húsinu. „Við byrjuðum á því að mála alla vegg, innihurðirnar og stigahandrið og máluðum viðarloftin svört sem kemur ótrúlega vel út. Þetta er allt annað en það þurfti að endurhugsa lýsinguna og annað því rýmið virkar aðeins minna og dimmara með svörtum loftum en það er hátt til lofts hérna og við erum alsæl með loftin svört en eiginmanninum leist ekkert á þessa hugmynd í upphafi,“ segir hún og hlær innilega. „Mér fannst þetta mjög furðuleg þæling fyrst en þetta kemur vel út,“ segir hann og brosir til Lilju, sem segir það vera eilífðarverkefni að eiga gamalt hús. Það sé alltaf eitthvað á dagskránni.



Walk-in N

Öryggi og vellíðan

Stilhrein sturta.
Sturtubotn fánlegur í
mörgun stærðum og litum.
Sturtuveggur með væng,
8mm hert öryggisgler.

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is 

**INNRETTINGAR
& TÆKI**
- fyrir þitt heimili



Gestgjafinn

BOLLUDAGUR

Stílisti / Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir Myndir / Hákon Davíð Björnsson

Texti / Sigríður Bragadóttir

Bolludagsbollur sem gæla við bragðlaukana

Flestir eru hrifnir af bolludagsbollum en þetta skemmtilega sætmeti er svolítið sér á báti því það er bara einn bolludagur á ári og þess vegna er alltaf ákveðin tilhlökkun að fá loksins að bragða á löðrandi rjómaþellum með sultu og súkkulaði. Bollurnar verða því að heppnast vel og gleðja bragðlaukana. Hér er pottþétt uppskrift að vatndeigi og tvær gómsætar og svolítið öðruvísi fyllingar.

Bollur með hindberjum og hvítu súkkulaði

Hindberjasósa

- 300 g frosin hindber
- 1 dl sykur
- ½ dl vatn
- 1 tsk. maizena-mjöl

Setjið allt saman í pott og látið sjóða saman í 10–15 mín. Sigið blönduna og notið skeið til þess að ná sem mestu af sósunni í gegnum sigtið. Látið kólna.

Rjómi með hvítu súkkulaði

- 2 ½ dl rjómi
- 200 g hvítt súkkulaði, gróft saxað
- ½ tsk. vanillukorn (má sleppa)

Setjið ½ dl af rjómanum í skál ásamt súkkulaðinu og hitið varlega saman yfir vatnsbaði. Gætið þess að hafa hitann ekki of háan því hvítt súkkulaði er mjög viðkvæmt fyrir of háum hita. Látið súkkulaði-blönduna kólna alveg þar til hún hefur náð stofuhita. Þeytið restina af rjómanum með vanillukornum. Takið 3–5 kúfaðar msk. af þeyttum rjóma og hrærið saman við súkkulaðið (þetta er gert til þess að auðveldara sé að blanda súkkulaði-blöndunni við þeytta rjómann). Hrærið súkkulaði-blönduna varlega saman við restina af þeytta rjómanum með sleikju.

Glassúr

- 1–2 dl flórsykur
- 2–3 tsk. hindberjasósa eða vatn

Blandið saman flórsykri og hindberjasósu eða vatni þar til glassúrinn er hæfilega þykkur. Setjið gjarnan 1 dropa af rauðum matarlit út í.

Setjið bollurnar saman með hindberjasósu og súkkulaðirjóma. Setjið glassúr ofan á og jafnvel nokkra dropa af hindberjasósunni. Skreytið gjarnan með hvítu súkkulaði og ferskum hindberjum.



Bollur með hindberjum og hvítu súkkulaði.



Súkkulaðilakkrísbollur.

Súkkulaðilakkrísbollur

10–12 bollur að vali

Á milli

- 200 g rjómaostur
- 2–3 msk. flórsykur
- 1 tsk. lakkrísduft
- 3 dl rjómi þeyttur
- ½ dl lakkrískurl til að skreyta með

Hrærið rjómaost, flórsykur og lakkrísduft saman. Bætið þeyttum rjóma varlega saman við. Það má líka setja hluta af rjómanum saman við og fá bragðmeira krem og setja þá rjóma og krem á milli í bollurnar. Skerið bollurnar í tvennt og setjið krem á milli. Setjið súkkulaðikrem ofan á og skreytið með lakkrískurli.

Súkkulaðikrem

- 1 dl rjómi
 - 100 g súkkulaði, saxað
 - 1 tsk. lakkrísduft
- Setjið súkkulaði og lakkrísduft í skál. Hitið rjómann og hellið yfir súkkulaðið. Látið standa í nokkrar mínútur og hrærið síðan saman.



Það er bara einn bolludagur á ári og þess vegna er alltaf ákveðin tilhlökkun að fá loksins að bragða á löðrandi rjómaþellum með sultu og súkkulaði.



Bolludagur – uppruni og merking

Texti / Anna Brynja Baldursdóttir

■ Bolludagur ber alltaf upp á mánu- daginn í sjöundu viku fyrir páska en flest bendir til þess að siðurinn hafi borist hingað til lands með dönskum eða norskum bókum á síðari hluta 19. aldar. Þó kemur þessi dagur oft upp í fornbréfum þó að ekki sé talað um hann sem hátíðisdag. Í þjóðveldislögum er tekið fram að ekki má neyta kjöt- metis tveimur dögum fyrir lönguföstu til þess að undirbúa meltingarfærin. Þótti skynsamlegt að taka kjötið út og ýtti þetta undir framleiðslu á ýmiss konar góðgæti, kökum og brauði. Má ætla að þaðan komi siðurinn að borða bollur þennan dag. Orðið „bolla“ er tökuorð úr dönsku frá 18. öld en merking orðsins bolle var kringlótt kaka. Elsta heimild fyrir notkun orðsins er frá árinu 1799 og er þá átt við ýmsar bollugerðir eins og kjötbollur, fisk- bollur og brauðbollur. Árið 1858 er „kjötbolla“ notað í íslenskri matreiðslubók en í sömu bók er „bolludagsbolla“ nefnd langa- föstusnúður. Dagurinn var gjarnan kallaður mánudagurinn í föstu- inngangi eða flengidagur og kom heitið „bolludagur“ ekki fram fyrr en á öðrum áratug 20. aldarinnar. Róttin kemur frá smáauglýsingu sem birtist árið 1913 þar sem auglýstir eru „bolludagsvendir“. Upp frá þessu virðist heitið bolludagur vera allsráandi. Árið 1913 birtist grein í Morgunblaðinu um bollur og vendi og áhugavert er að rætt er um „gamla venju“ en þar segir: „Gömul venja er það, að börn fái þá pappírsvendi, í öllum regnbogans litum, og gangi í hús nágrannanna og flengi þá í rúminu. Sá þótti mestur maðurinn eða efnilegasta stelpa sem flesta flengi. En að launum eiga börnin að fá eina eða tvær bollur eftir efnum og aðstæðum. Daginn eftir: niðurgangur og kvalir. En börnin gleyma því fljótt – og heimta pappírsvendi næsta bolludaginn.“



Vatnsdeigsbollur

9–12 meðalstórar bollur eða 30 litlar

- 2 dl vatn
- 50 g smjör
- 100 g hveiti
- 3 meðalstór eða 4 lítil egg

Hitið ofninn í 200°C. Hitið vatn og smjör saman í potti og látið suðuna koma upp. Setjið hveiti út í og hrærið saman, látið kólna í 3–5 mín. Takið pottinn af hitanum og setjið eggin út í, eitt í einu, sláði vel saman á milli. Setjið í sprautupoka og sprautið 12 bollum á smjör- pappírsklædda bökunarplötu. Það má líka setja deigið með tveim skeiðum á plötuna. Bakið í um 20 mín., ekki opna ofninn fyrstu 15 mínúturnar.

wizar

...fyrir lífsins ljúfu stundir



Hægindastóllinn sem slegið hefur í gegn.

360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði

Fáanlegir **Wizar** litir

Verð frá
199.900 kr.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Gestgjafinn

FERÐALÖG

Fjórir spennandi barir

- til að væta kverkarnar í London

London er meðal mestu matarborga í heiminum í dag og þar spretta upp nýir staðir nánast daglega. Ég hef verið dugleg að benda á góða veitingastaði í þessari skemmtilegu og vinsælu borg enda fer ég þangað nokkrum sinnum á ári í matsölustaða- og barrannsóknarvinnu. Ég fer ávallt á nokkra staði á hverjum degi til að upplifa og sjá sem mest enda stoppa ég oft stutt og þess vegna reyni ég a.m.k. að fara á einn bar áður en haldið er á veitingastaðinn. Vandamálið í stórborgum eins og London er að velja úr öllum þeim aragrúa staða sem þar eru, því staðreyndin er sú að margir eru afar óáhugaverðir túristastaðir. Hér bendi ég á nokkra skemmtilega bari og pöbba sem ég prófaði nýlega og get mælt með.

The Wigmore – Marylebone

Þetta er nýi uppáhalds-pöbbinn minn í Marylebone en hann er samt sem áður fremur ólíkur hefðbundnum breskum pöbbum. Húsnæðið sem barinn er í var eitt sinn banki enda er sérlega hátt til lofts og gömul há borð þar sem menn fylltu áður út eyðublöð setja svip sinn á staðinn en þar er nú drukinn bjór sem er öllu skemmtilegra. The Wigmore er málaður í sérlega fallegum smaragðsgrænum lit sem minnir óneitanlega á fimmta áratug síðustu aldar. Þetta er flottur og vinalgur pöbb sem staðsettur er á horni Regent Street og Wigmore Street og því tilvalinn til að hoppa inn á í drykk til að hvíla sig frá skarkalanum á Oxford Street. Gott úrval er af kokteilum og ágætt af bjór en einnig er hægt að fá góðan breskan mat í nútímabúningi á staðnum en það er hinn þekkti kokkur Michel Roux sem hefur umsjón með matnum.

Vefsíða: the-wigmore.co.uk.



Fitz's á Kimpton Fitzroy.

Fitz's á Kimpton Fitzroy – Russel Square

Einstakur kokteylbar á einu fallegasta hótelinu í London, Kipton Fitzroy, sem staðsett er á Russel Square og alveg þess virði að hoppa upp í svartan leigubíl og fara þangað í fordrykk. Þegar inn er komið blasa við svartir veggir með gylltum rómum, plussklæddir formfagrir sófar, appelsínulitaður baklýstur bar með risadiskókúlu sem trónir yfir miðjum staðnum, svona rétt til að minna okkur á nútímann. Þarna er einstaklega gott úrval af kokteilum sem í er lagður mikill metnaður, ég smakkaði tvo og þeir voru hvor öðrum betri. Barinn opnar kl. fjögur á daginn og er opinn fram á kvöld.

Vefsíða: fits.co.uk.



Ham Yard Hotel – Soho

Neðarlega í Soho er einkar snoturt lúxushótel í breskum sveitastíl en það var hannað af Kit Kemp. Gaman er að lauma sér inn á barinn sem er stór og fallegur enda er hann veruleg andstæða við hverfið sjálft og kærkominn hvíldarstaður til dæmis fyrir þá sem hafa verið að þramma í búðir í hverfinu. Úrvalið af kokteilum og drykkjum er afar gott og Bretar sækja mikið á þetta hótel og því gaman að horfa á mannlíf með góðan kokteíl í hönd. Einnig er vinsælt að borða á veitingastaðnum þeirra og inn af barnum er hægt að fara í „high tea“ í einkonar litlum garðskálum sem eru verulega notalegir.

Vefsíða: firmdalehotels.com.



Opium – Soho

Þessi bar og dim sum-staður er verulega frábrugðinn öðrum börum en hann er staðsettur í aðalgötunni í China Town en samt sem áður getur verið svolítið erfitt að finna hann enda er hann í hinum vinsæla speak easy-stíl og því vel falinn. Lítið merki með nafni staðarins er fyrir framan græna hurð og þar er bjalla en Opium opnar ekki fyrr en kl. fimm á eftirmiðdögum og betra er að panta borð til að losna við að standa í röð sem myndast stundum. Þrjú barir, hver á sinni hæðinni, eru í húsinu sem er mjótt og ganga þarf upp víðarstiga. Þegar komið er á barina er tilfinningin eins og gengið hafi verið inn í sett á bíómynd frá nýlendutímanum í Shanghai. Andrúmsloftið er afslappað á öllum hæðum og það er eins og óþímmandinn svífi yfir vötnum. Verulega gott úrval af handverkskokteilum. Á The Apothecary prýða lyfjaglós barinn en þar er líka hægt að panta dim sum-smárétti. Academy er á efstu hæðinni og þar er eins konar setustofa eða lounge sem er afskaplega afslappandi að sitja í og dreypa á góðum kokteíl. Peony er vel falinn en er meira hugsaður fyrir sérhópa og hann er með frábrugðinn kokteílaseðil, þetta þykir einn rómantískasti barinn á staðnum, hægt er að bóka hann fyrir hópa en hann tekur mest 30 manns.

Vefsíða: opiumchinatown.com.



FJÖLSKYLDUFJÖR Á ALMERÍA

Almería er einn ástsælasti áfangastaður Sumarferða, í 30 mín akstur frá flugvelliðum í Almería er strandbærinn Roquetas de Mar þar sem allar okkar gistingar eru. Hrein paradís fyrir fjölskyldur, góður kostur fyrir þá sem vilja mikið innifalið og afþreyingu fyrir börn.

ALLT
INNIFALID

PIERRE VACANCES ROQUETAS 

FRÁ **54.900 KR.**

Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 3 börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum

Verð frá 62.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

Ferðatímabil: 29. maí - 5. júní - 7 nætur

MEDITERRANEO BAY HOTEL 

FRÁ **115.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með öllu inniföldu.

Verð frá 120.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.

Ferðatímabil: 5. - 12. júní - 7 nætur

PROTUR ROQUETAS HOTEL 

FRÁ **138.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi með öllu inniföldu.

Verð frá 144.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.

Ferðatímabil: 12. - 19. júní - 7 nætur

HÁLFT
FÆÐI

BEST SABINAL 

FRÁ **99.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði.

Verð frá 102.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.

Ferðatímabil: 19. - 26. júní - 7 nætur

PIERRE VACANCES ROQUETAS 

FRÁ **85.900 KR.**

Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum og hálfu fæði.

Verð frá 97.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.

Ferðatímabil: 26. júní - 3. júlí - 7 nætur

ALLT
INNIFALID

ROC GOLF TRINIDAD 

FRÁ **127.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með öllu inniföldu.

Verð frá 131.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.

Ferðatímabil: 3. - 10. júlí - 7 nætur

ALLT
INNIFALID

ZORAIDA BEACH RESORT 

FRÁ **139.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með öllu inniföldu.

Verð frá 146.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.

Ferðatímabil: 24. - 31. júlí - 7 nætur

ARENA CENTER HOTEL 

FRÁ **84.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíóíbúð

Verð frá 93.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.

Ferðatímabil: 14. - 21. ágúst - 7 nætur

PLAYACAPRICO HOTEL 

FRÁ **148.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með morgunverði.

Verð frá 155.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Ferðatímabil: 21. - 29. ágúst - 8 nætur

SUMAR  FERÐIR
..eru betri en aðrar

FJALLKONAN

KRÁ & KRÆSINGAR

KONUDAGS
SÍDDEGIS
KAFFIsunnudaginn 23. febrúar
frá 14.30–17.00

FRITT FREYÐIVÍNSGLAS FYLGIR



Bláberjaskonsur
Confit önd á vestfirskri hveitköku
Bleikja & lummur
Nauta carpaccio á stökku brauði
Túnfisksamloka

SÆTT

Eton Mess skyr ostakaka
Prista-súkkulaðiterta
Bollakökur
Sörur
Makkarónur

Með freyðivinsglasi og uppáhelltu kaffi með endalausri ábót

> 3.990 kr. á mann

Borðapantanir á fjallkona.is eða í síma 555 0950

FJALLKONAN FAGNAR ÞÉRI!




Menning

MYNDLIST

7 athyglisverðar
staðreyndir um
Fridu Kahlo

Bílslys breytti öllu

Frida Kahlo (1907–1954) er meðal þekktari kvenlistamanna 20. aldarinnar. Hún var mexíkósk að uppruna og tilheyrðu verk hennar súrrealisma en hún málaði mikið af sjálfmyndum þar sem hún notaði tákni til að lýsa andlegri og líkamlegri líðan. Frida notaði einstaklega skæra og mikla liti í myndum sínum og gerði mexíkóskri arfleifð hátt undir höfði. Femínistar hafa oft notað Fridu sem táknmynd þar sem hún túlkaði reynsluheim kvenna á einstakan og lýsandi hátt.



„Fætur, til hvers þarf ég ykkur þegar ég hef vængi til að fljúga?“

– Frida Kahlo



1

Hún laug til um aldur sinn en ekki til að þykjast yngri heldur til að geta sagt að hún hafi fæðst árið sem mexíkósk byltingin hófst, árið 1910.

2

Hún fékk lómunarveiki aðeins sex ára að aldri og átti í veikindunum í marga mánuði en eftir það varð annar fóturinn á henni styttri en hinn og þess vegna gekk hún alltaf í skósiðum kjólum eða pilsum.

3

Hún stefndi að því að verða læknir en sú áætlun breyttist þegar hún lenti í hörmulegu bílslysi og var raunar vart hugað líf. Mjaðmagrindin í henni brotnaði og einnig nokkrir hryggjarliðir auk þess sem hún brotnaði á fleiri stöðum. Hún lá á spítala í marga mánuði. Á meðan hún gat sig vart hreyft í rúminu hóf hún að teikna.

4

Hún giftist vegglistamanninum Diego Rivera en hjónaband þeirra var stormasamt. Rivera og Frida áttu í ýmsum ástarsamböndum og meðal annars hélt Rivera við systur Fridu. Þau skildu en giftust svo aftur stuttu fyrir andlát Fridu.

5

Árið 1939 keypti Louvre-safnið í París listaverk Fridu, The Frame, og þar með var brotið blað í sögu Mexíkó því þetta var fyrsta verk eftir mexíkósku konu sem komst inn á alþjóðlegt safn.

6

Hún glímdi einnig við önnur vandamál eins og fósturmissi en allt það sem hún gekk í gegnum endurspegladist í verkum hennar og sjálfmyndum en 55 af 143 verkum hennar eru af henni sjálfri.

7

Frida þjádíst mikið alla tíð eftir slysið og þurfti að styðjast við staf og vera í hjólastól. Taka þurfti hluta af fæti hennar af en hún lét sig samt ekki vanta á síðustu sýninguna sem hún hélt og lét keyra sig í sjúkrabíl á Galería Arte Contemporane þar sem hún hélt sína fyrstu einkasýningu og tók á móti gestum í rúminu. Hún lést nokkrum mánuðum síðar aðeins 47 ára gömul.



„Fáðu þér elskhuga sem horfir á þig og funnst þú ef til vill vera eins og viskíkex.“

– Frida Kahlo

Ný sending af túnikum í fallegum vorlitum

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is eða
komdu í verslun okkar í Hreyfilshúsinu við Grensásveg



Túnika
4.990 kr
Stærðir 16-26



Peysa
5.990 kr
Stærðir 16-26



Túnika
5.490 kr
Stærðir 16-26



Túnika
3.990 kr
Stærðir 16-26



Túnika
4.990 kr
Stærðir 16-26



Túnika
3.990 kr
Stærðir 16-26

Curvy 

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is



Menning

AFÞREYING

Listrænu hæfileikarnir koma frá fjölskyldunni á Íslandi

Það vakti athygli á dögnum að hin hálfíslenska Sigríður Dyekjær hefði hlotið Óskarsverðlaunatilnefningu fyrir heimildamyndina *The Cave* og ekki síður að fáir fjölmiðlar virtust kveikja á því á að þar væri Íslendingur á ferð. Mannlíf sló á þráðinn til Sigríðar og fékk að forvitnast aðeins um þessu merku konu, verðlaunamyndina og farsælan feril sem spannar 20 ár.

Texti / Roald Eyvindsson

Rosalega stolt. Og auðvitað glöð. „Þannig lýsir Sigríður Dyekjær, eða Sigríð eins og hún kys að kalla sig, því í fáeinum orðum hvernig það hafi verið að vera tilnefnd til Óskarverðlauna fyrir í mánuðinum fyrir heimildamyndina *The Cave* sem hún framleiddi ásamt Kirstine Barfod. Sigríð, sem er hálfíslensk og hálfðönsk, er búsett og starfar í Kaupmannahöfn og hefur framleitt 20 heimildamyndir og þrjár kvikmyndir á 20 ára ferli. Hún er vel þekkt innan kvikmyndabransans bæði hér heima og á alþjóðavísu en kannski minna þekkt meðal íslensks almennings eins og sýndi sig þegar tilnefningin til Óskarsins lá fyrir og fáir virtust átta sig á því að þar færi kona af íslenskum ættum. Það var ekki fyrr en kvikmyndagerðarkonan Hrafnhildur Gunnarsdóttir vakti athygli á því á samfélagsmiðlum sem íslenskir fjölmiðlar tóku við sér og fóru að fjalla um málið, þegar hátíðin var yfirstaðin. Sjálf virðist Sigríð taka því með stakri ró þótt hún hafi svolítið gleymst í umræðunni í tengslum við Óskarinn. Hún segir mestu skipta sú athygli sem myndin fékk í kjölfar tilnefningarinnar því umfjöllunarefnið, hið bágborna ástand í Sýrlandi, eigi brynt erindi til almennings.

Stolt af upprunum og íslenskum listamönnum

Það brennur greinilega á Sigríði að ræða myndina og málefnið, en áður en við gerum það, bið ég hana að segja mér svolítið frá sjálfri sér. Með öðrum orðum, hver er Sigríð Dyekjær? „Hver er ég?“ endurtekur hún og virðist hafa gaman að spurningunni. „Í stuttu máli er ég framleiðandi til 20 ára, eiginkona, móðir tveggja stúlkna og stjúpmodir drengs. Ætli megi ekki líka segja að ég sé ákveðin, dugleg og þrautseig, stundum kannski aðeins of stolt og þrjósk. Mér finnst gaman að hlæja og skemmta mér og bara njóta lífsins. Sumir myndu kannski segja að ég sé týpískur Íslendingur og sjálf segi ég alltaf fólki að ég sé hálfíslensk, en pabbi var sem sagt íslenskur. Hann lést þegar ég var 26 ára. Bæði hann og amma mín, sem ég heiti eftir, sungu og spiluðu á píanó og frændi minn var málari þannig að listrænu hæfileikarnir koma alfarið frá fjölskyldunni minni á Íslandi,“ segir hún stolt og bætir við að hún finni fyrir sterkri tengingu við Ísland og íslenska listamenn og leggi mikið upp úr því að vinna með Íslendingum að gerð þeirra mynda sem hún kemur nálægt.

„Ég vann til dæmis oft með Jóhanni Jóhannssyni,“ nefnir hún í því samhengi. „Hann samdi tónlistina við

nokkrar myndanna minna og var einstaklega hæfileikaríkur listamaður og bara góður vinur. Það stóð einmitt til að hann semdi tónlistina við *The Cave*, en þær fyrirætlanir breyttust, því miður,“ segir hún alvarleg og á þar við fráfall Jóhanns árið 2018. „Við reyndum svo að fá Björk til að semja tónlistina við lokaatriðin í myndinni, en það gekk því miður ekki eftir,“ segir hún og það er auðheyrt á tali hennar að hún fylgist vel með því sem er að gerast í íslenski list, sér í lagi í tónlist og kvikmyndagerð. Enda segist hún sjálf þekkja íslensku kvikmyndasenu vel og heldur upp á marga íslenska leikstjóra, sérstaklega Dag Kára. „Svo elska ég íslensku tónlistarsenu. Þess vegna er svo gaman að sjá hvað mörgum íslenskum tónskáldum gengur vel um þessar mundir. Sjáðu bara Hildi Guðnadóttur. Hún er á ótrúlegu flugi og á skilið alla þá viðurkenningu sem hún hefur fengið fyrir störf sín. Fyrir utan það er sigur hennar gríðarlega mikilvægur þar sem það er löngu orðið tímabært að konur standi ekki í skugga karla í kvikmyndaheiminum, að hlutur þeirra verði stærri.“

Búin að raka til sín verðlaunum

Talið berst þá aftur að velgengni Sigríðar sjálfar og myndar hennar, *The Cave*, sem var ekki aðeins tilnefnd til Óskarsverðlauna heldur hefur unnið til fjölda alþjóðlegra verðlauna, þar á meðal fékk hún People's Choice-verðlaunin í flokki heimildamynda á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto þar sem hún var frumsýnd í fyrri. Sigríð segist vera hræð yfir árangrinum og yfir því hvað áhorfendur, sérstaklega þeir ungu, hafi tekið henni vel, en til marks um það hafi dómnafnd skipað ungmennum á aldrinum 13 til 19 ára valið hana bestu myndina á Youth Award-hátíðinni. Nokkuð sem hafi komið skemmtilega á óvart þar sem myndin fjalli um kvenkynslækni



Sigríð hlaut sína fyrstu tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir heimildamyndina *The Cave*, sem fjallar m.a. um störf kvenkynslæknis í Sýrlandi.



Sigríður Dyekjær, eða Sigríð eins og hún kys að kalla sig, á langan og farsælan feril að baki í kvikmyndabransanum. Hún er hálfíslensk og hálfðönsk, skirð í höfuðið á íslenski fódurömmu sinni, en Dyekjær er eftirnafn eiginmanns hennar.



Mér þætti frábært ef Hildur semdi tónlistina við einhverja af heimildamyndunum sem ég framleiði. Það væri náttúrulega algjör draumur.“

sem heldur uppi bráðabirgðaspítala í helli í Sýrlandi á meðan stríð geisar og því sé hún nokkuð erfið áhorfs. „Við vissum þó alltaf að við værum með góða mynd í höndunum,“ tekur hún fram, „enda löggöum við mikla vinnu í hana. Það er auðvitað enginn hæggðarleikur að gera mynd á stríðshrjáðu svæði, eins og þú getur ímyndað þér og blessunarlega nutum við liðsinnis leikstjórans Feras Fayyad, sem er sjálfur sýrlenskur flóttamaður, búsettur í Kaupmannahöfn. Hann hjálpaði okkur mikið.“

Spurð hvað hafi eiginlega orðið til þess að hún tók sér svona erfið verk fyrir hendur er Sigríð fljót til svars. „Mér fannst bara mjög mikilvægt að sýna áhorfendum stöðuna í Sýrlandi eins og hún er núna og líka sýna að þarna skuli vera trúuð kona, múslimi, dr. Amani, sem er fyrsta konan sem stýrir spítala í Sýrlandi. Fyrir utan það er hún að berjast fyrir réttindum kvenna í mjög karllægu samfélagi í Mið-Austurlöndum og þorir að ræða það í myndinni. Ég held að þetta séu helstu ástæður þess að myndin hefur fengið svona sterk viðbrögð áhorfenda og gagnrýnenda.“

Vill vinna með Hildi

Sigríð segir að það sé þó langt í frá þannig að hún taki að sér verkefni með það fyrir augum að vinna til einhverra verðlauna. Viðfangsefnið verði fyrst og fremst að höfða til hennar og þegar við ræðum þau verkefni sem hún er nú með í vinnslu er ljóst að áhugasviðið er breitt, svo ekki sé meira sagt; Heimildamyndaröð um Scandinavian Star, ferjuna sem sigldi milli Noregs og

Danmerkur og kveikt var í fyrir 30 árum með þeim afleiðingum að þrjátíu manns létu lífið, en Sigríð segir þetta vera stærstu heimildamyndaröð sem hefur verið framleidd á Norðurlöndum, framleiðslukostnaðurinn sé fjórar milljónir evra. Svo sé mögulega í farsvatninu framleiðsla á Senseless, nýrri mynd eftir heimildamyndagerðarkonunni Guy Davíði í samstarfi við Saga Film. Sem sýni hversu tengd hún er kvikmyndabransanum á Íslandi.

„Um leið og ég rekt á íslenskan framleiðanda eða framleiðslufyrirtæki set ég mig í samband við viðkomandi,“ segir hún og hlær og bætir við að það væri óskastaða að fá Ólaf Arnalds til að gera tónlistina við Senseless, ef af verði. Eins langi hana mikið til að vinna með Hildi. „Hildur var einn af hljóðfæraleikurunum í flestum myndum mínum sem Jóhann samdi tónlistina við, þannig að við þekktumst í gegnum hann og höfum unnið saman áður. Mér þætti frábært ef hún semdi tónlistina við einhverja af heimildamyndunum sem ég framleiði. Það væri náttúrulega algjör draumur.“

Hún segir að annar draumur sé að veita landsmönnum færi á að sjá heimildamyndina *The Cave* í íslenskum kvikmyndahúsum. „Myndin kemur til með að verða sýnd í 172 löndum víðsvegar um heim og vonandi í íslenskum bíóhúsum líka. Mér finnst hún klárlega eiga það skilið. Vonandi er bara einhver íslenskur dreifingaraðili að lesa þetta og setur sig í samband,“ segir hún spök. „Mér þætti ótrúlega vænt um ef löndum mínum gæfist tækifæri að sjá myndina.“



Stenströms.

VOR
2020

ÚTSÖLULOK

60-80% afsláttur

Föstudagur: 10-18
Laugardagur: 10-16

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Albumm

TÓNLIST

Íslendingar eru eins og Færeyingar, bara klikkaðri

Færeyski tónlistarmaðurinn Heiðríkur hefur búið hér síðustu ár og útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands. Á meðan hann var í námi tók hann upp og gaf út aðra plötu sína, Funeral, og vann Færeysku tónlistarverðlaunin sem besti söngvari ársins 2017. Nú hefur Heiðríkur sent frá sér sína þriðju plötu, Illusions, og segir hana ólíka öllu öðru sem er í gangi í tónlistarsenunni í dag.

Hún er svolítið í anda tónlistar Hollywood-mynda þriðja áratugarins og James Bond-mynda fimmta áratugarins,“ segir Heiðríkur, þegar hann er beðinn um að lýsa tónlistinni og bætir við að þemað snúist aðallega um það hvernig er að vera á fertugsaldri og þær samfélagslegu kröfur sem gerðar eru til fólks á þeim aldri um að lifa hamingjusömu lífi. „Maður á að vera búinn að kaupa sér eign, vera í stöðugri vinnu, stofna fjölskyldu og svo framvegis. Fókusinn er allur á þetta bull og skilyrðin sem við teljum okkur þurfa að uppfylla, sem verður til þess að við förum að elta við einhverja „hamingju“ sem við höldum að sé að finna hjá öðrum en okkur sjálfum.“

Heiðríkur segir að það hafi verið mikil upplifun að taka plötuna upp. „Þetta var allt gert



Tónlistarmaðurinn Heiðríkur hefur sent frá sér sína þriðju plötu, Illusions.

Þannig að ég ákvað að flytja til Íslands sem er eins og stærri útgáfan af Færeijum, bara með

Íslandi,“ svarar hann fullur tilhlökkunar, „og áframhaldandi vinna við að koma tónlistinni minni á framfæri, en ég er ekki með neina umboðsskrifstofu eða útgáfufyrirtæki á bak við mig þannig að ég er eiginlega allt í öllu,“ bendir hann á. „Annars vona ég auðvitað bara að sem flestir hlusti á plötuna mína, og tengist tónlistinni á sínum persónulegu forsendum.“

„Maður á að vera búinn að kaupa sér eign, vera í stöðugri vinnu, stofna fjölskyldu og svo framvegis.“

upp á gamla mátann, engin nútímaleg hljóðfæri notuð, engir taktmælar, bara gamlir mikrafónar og við allir í einu herbergi að spila „live“, eins og gert var hér áður fyrr. Svo voru strengirnir teknir upp í Búdapest, sem hljómar ótrúlega vel,“ útskýrir hann og segist vera mjög ánægður með útkomuna, en órlítið stressaður líka því hún sé ólík öllu öðru í tónlist í dag. „Hún kemst kannski næst einhverju sem var gert fyrir hundrað árum,“ segir hann og hlær.

Spurður út í tónlistarsenuna í Færeijum og ástæður þess að hann ákvað að flytja til Íslands, hugsar hann sig um. „Tónlistin mín er ekki beint danstónlist eða tónlist sem er spiluð á næsta bar,“ svarar hann svo, „þannig að markaðurinn í Færeijum var of lítill fyrir hana. Þess vegna vildi ég flytja. Ég prófaði fyrst að flytja til Danmerkur en fann mig ekki þar vegna þess að Danir eru svo ólíkir okkur Færeijum.“

fleiri möguleika,“ segir hann og kveðst elska Ísland. Íslendingar séu eins og Færeyingar, bara örlítið klikkaðari, sem hann fíli í botn.


Talandi um það, hvernig finnst honum íslensk tónlist? Er hún að einhverju leyti frábrugðin þeirri færæysku, að hans mati? „Þið eruð snillingar þegar kemur að tónlist, ég elska tónlistina ykkar. Íslendingar eru óhræddari við að tjá sig en Færeyingar sem eru feimnari og kannski varkárari út á við,“ segir hann en tekur skýrt fram að Færeijar státi af mörgu hæfileikaríku tónlistarfólki og þaðan hafi komið mikið af góðri tónlist.

En hvað er annars á döfinni? „Bara meiri spilamennska á

Nýtt lag og tónleikar í Noregi ★★★★★

Nóg er um að vera hjá Reykjavíkurdætrum eða Daughters of Reykjavík eins og þær kalla sig núorðið.

Fyrir vikunni sendu þær frá sér glænýjan smell sem ber heitið Fools Gold og nú stefna þær ótrauðar á útlönd. Já, dæturnar ætla að leggja land undir fót og eru á leiðinni til Noregs þar sem þær koma fram á þrennum tónleikum, á tónleikastaðnum Rockefeller í Ósló, á Tromsø Winterland Festival og á tónleikastaðnum Bodø. Lagið Fool Gold kom út bæði á íslensku og ensku, en hægt er að hlýða á lagið á Albumm.is.



Texti / Steinar Fjeldsted

Kjóstu uppáhaldsmyndbandið þitt

Íslensku tónlistarverðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn þann 11. mars næstkomandi í Silfurbergi í Hörpu. Albumm.is og Íslensku tónlistarverðlaunin leiða nú saman hesta sína og munu annast tilnefningar og val á tónlistarmyndbandi ársins. Á miðvikudaginn sem leið voru tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna gerðar opinberar og leitar Albumm.is eftir aðstoð lesenda sinna við að velja tónlistarmyndband ársins. Val almennings kemur til með að gilda til móts við val dómnefndar sem er skipuð af ritstjórn Albumm.is og stjórn Íslensku tónlistarverðlaunanna. Í ár eru átta myndbönd tilnefnd, en lesendur geta kosid sitt uppáhalds myndband með því að fara inn á Albumm.is og skella „like“ fyrir neðan uppáhaldsmyndbandið.

The Ghost Choir fagnar útgáfu nýrrar plötu

Plötuvorslunin Lucky Records kynnr með stolti nýjustu útgáfu sína, plötuna Ghost Choir, sem er jafnframt frumraun hljómsveitarinnar The Ghost Choir. Laugardaginn 22. febrúar verður haldinn útgáfufögnuður í versluninni við Rauðarárstíg. Fögnuðurinn hefst klukkan 15 og verður platan spiluð í heild sinni klukkan 16. Að því búnu leikur hljómsveitin nokkra vel valda ópusa. Áður en hófið byrjar, nánar tiltekið frá klukkan 12-15, mun King Lucky taka „Soul 45s“ DJ-sett. Fyrir þá sem ekki vita er tónlist The Ghost Choir blanda af ólíkri tónlist og hljómsveitin tvinnar saman á skemmtilegan hátt fjölbreyttan bakgrunn meðlima úr hinum ýmsu afkimum djass-, hip-hop-, rokk-, funk- og klassískrar tónlistar.

Albumm mælir með

Hófi og Gunnar á Petersensvítunni
Hófi og Gunnar spila á Petersensvítunni fimmtudaginn 27. febrúar. Hugguleg stemming með alls konar lögum héðan og þaðan. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

Adda í Mengi
Adda kemur fram í Mengi föstudaginn 21. febrúar og hefst tónleikarnir klukkan 21. Adda spilar tónlist sem á sér rætur í hetju- og andhetjuleiðangri hennar um innra landslag sjálfins. Á þeirri leið


umbreytast þráhyggjur í möntrur, sjálfið verður taugahinsegin og sníður sér stakk úr femínisma og róttækri heimspeki. Geðlækningar eru teknar til yfirheyrslu en fyrirgefning geðlækna þó vís og unnið er úr áföllum með hjálp íslenskra fjalla, kvenna og sævar. Á tónleikumum spilar Adda lög frá sólóferli síðustu tíu ára, m.a. af stuttskífunni My brain EP en um hana sagði Bob Cluness, tónlistargagnrýnandi á Grapevine, að hún væri: „a wonderfully austere, haunting body of folk songs.“ Selt er inn á viðburðinn við innganginn.

Ylja kemur fram í Verinu

Stelpurnar í hljómsveitinni Ylju ætla að vera með tónleika í Verinu, Grandagarði 16, annarri hæð, fimmtudaginn 27. febrúar og fylla hjörtu okkar óþpýðum söng og hugljúfum gítarleik. Ylja var stofnuð af þeim Gígju Skjaldardóttur og Bjarteyju Sveinsdóttur árið 2008 og hefur hljómsveitin vakið athygli fyrir nýstárlega þjóðlagatónlist sína undanfarin ár. Tónleikarnir hefst klukkan 20.30. Húsið opnar klukkan 18. Ókeypis inn.

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI



GRANÍT
STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

1

Lífsstíll
TÍSKAN

Þetta er fjórða línan sem Tommy Hilfiger (t.h.) hannar með ökumanninum Lewis Hamilton.

90's-áhriferu einkennandi fyrir hönnun Tommy Hilfiger.

Endurunnin og umhverfisvæn 90's-tíska

Bandaríski hönnuðurinn Tommy Hilfiger sýndi nýja línu á tískuvikunni í London um síðustu helgi. Að vanda voru 90's-áhrifin augljós.

TOMMY HILFIGER TOMMY HILFIGER TOMMY HILFIGER TO

Hversdagsleg fót með skírskotun í tíunda áratuginn og hip hop-menningu voru áberandi á tískupalli Hilfiger um helgina eins og við var að búast. Hilfiger hefur sagt að áður fyrr hafi stóru tískuhúsin litið niður á hann fyrir að sýna „götuklæðnað“ á tískupöllum á tískuvikum en núna séu margir farnir að feta í hans fótspor.

Leisertækni í stað skaðlegra efna

Hilfiger sagði nýlega í viðtali við breska miðilinn Independent að umhverfisvernd væri honum hugleikin og að teymið hjá Tommy Hilfiger hefði tileinkað sér umhverfisvænni aðferðir við hönnun og framleiðslu.

Endurunnin gallaefni spilar til dæmis stórt hlutverk í þessari nýju línu. Gallaeftið er svo unnið með leisertækni í stað skaðlegra lita- og bleikiefna og mikils magns vatns. Hilfiger segir umbúðir þeirra líka vera umhverfisvænni en áður þar sem notast er við endurunnin efni að einhverju leyti.

TOMMY HILFIGER TOMMY HILFIGER

Breska fyrirsætan Naomi Campbell gekk pallinn á sýningu Tommy Hilfiger í þessum galla sem minnir óneitanlega á tiskuna sem ríkti á tíunda áratug síðustu aldar.

Þessi gallakjól er hluti af nýjustu haust- og vetrarlínu Tommy Hilfiger. Hilfiger segir endurunnin gallaefni spila stórt hlutverk hjá sér núna.

Fyrirsætan Winnie Harlow á sýningu Tommy Hilfiger.



Pistill

Innrás Japana í tískuheiminn

Linda Björg Árnadóttir

hönnuður og lektor við Listaháskóla Íslands

Á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar gerðu Japanir innrás inn í vestrænan tískuheim með japanskar hugmyndir, fagurfræði og gildi.

Tískuheimurinn í París var á þessum tíma orðið stífur og leiðinlegur og nýliðun í greininni var lítil. Það hefur væntanlega búið til jarðveg sem hefur gefið tækifæri til breytinga. Hin vestræna tíska var orðin stöðnuð með sínar þröngu stuttu dragtir og herðapúða sem einkenndu áttunda áratug síðustu aldar. Þar var ráðandi hefðbundin vestræn sýn á kynþokka kvenna þar sem áhersla var á að sýna brjóst og leggi í háhæla skóm.

Japanir höfðu aðrar hugmyndir um það hvaða líkamspartar væru kynþokkafullir. Áhersla á mitti, brjóst og leggi var hvergi að sjá og háir hælur hafa nær aldrei sést í japönskum tískusýningum. Svæðið aftan á hálsinum þykir hins vegar mjög kynþokkafullt í japanskri hugmyndafræði og á kímonó, hefðbundnum búningi japanskra kvenna þá fellur hálsmálið aftan á baki aðeins niður og sýnir þannig þennan fagra líkamshluta.

„Yohji Yamamoto, Issey Miake og fleiri samlandar urðu hinar nýju stjórnur tískuheimsins og gerðu varanlegar breytingar á iðnaðnum.“

Afleiðing þessarar innrásar Japana var alger viðsnúningur á hugmyndum. Fagfólk innan tískuheimsins skiptist í tvo hópa, með og á móti hinum nýju framandi hugmyndum um tíska og kynþokka. Comme de Garçons, Yohji Yamamoto, Issey Miake og fleiri samlandar urðu hinar nýju stjórnur tískuheimsins og gerðu varanlegar breytingar á iðnaðnum. Hvorki fyrir né síðar hefur annar menningarheimur gert viðlíka innrás inn í hinn vestræna tískuheim.

Það sem einkenndi þennan fatnað voru eintóna silhóettur, víð og stór ósymmetrísk form. Þessi nýja tíska bauð vestrænum hugmyndum birginn og breytti hugmyndum fólks varðandi það hvernig fatnaður ætti að líta út og er tískuheimurinn ríkari fyrir vikið.

Vegna þess að japanska tiskan hafnaði að sýna líkamann á hefðbundinn vestrænan hátt þá hafa þessir hönnuðir staðið fyrir það sem flokkast sem „intellectual“-tíska. Það þykir enn þá óhugsandi að vera kynþokkafullur, sýna hold og vera á sama tíma tekinn alvarlega sem hugsuður. Enn í dag þá dugur að klæðast þessum merkjum ef viðkomandi hefur áhuga á að koma fyrir og vera sannfærandi sem gallerfísti eða listrænn stjórnandi í listheimum.

Innrás Japana er enn eitt merkið um alþjóðavæðingu og það hvernig ólík menning er að renna saman með áhugaverðum og þörfum afleiðingum. Það er hollt og gott að ögra hefðum og hugmyndum reglulega með nýjungum. Þannig þróumst við og þroskumst.



Yohji Yamamoto.



Issey Miake.

Spennandi hönnuður með vinsæla línu



Nikos Koulis lagði upp með að búa til skartgripalínu sem væri algjörlega hans og skæri sig frá öllum öðrum.

Hann er grískur og búsettur í Aþenu. Engu að síður hafa konur alls staðar að úr heiminum keppt við að panta gripina hans og nefna má að bæði Meghan, hertogaynja af Sussex, og Scarlett Johanson leikkona eiga og bera reglulega skart frá honum.

Oui heitir vinsælasta lína hans en hún byggir á fínlegum gullgripum þar sem málmurinn er sveigður og beygður í fínleg og falleg bogalaga form. Þeir þykja einkar fágaðir og fallegir og eiga við hvar sem er.



Essential:*

Verð frá: 443.600.-

Stillanlegt rúm frá: 676.000.-



Með Auping rúmi byrjið þið daginn vel hvíld og full af orku

- 125 ára þekking
- Umhverfisvæn rúm "Cradle to cradle"
- Gæði, góð hönnun og framúrskarandi nýsköpun

auping
with love



Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / www.epal.is

Auronde:*

Verð frá: 485.800.-

Stillanlegt rúm frá: 718.300.-



*Aukahlutir s.s. gafl og náttborð eru ekki innifaldir í verði.

sh

Séð og Heyrt
NÍU SPURNINGAR

NÍU SPURNINGAR Á NÍU MÍNÚTUM

„Ævisagan mun heita 6,5 ævisaga meðalmanns og Sveppi mun leika mig“

Halldór Gylfason leikari leikur í sýningunni Gosi sem frumsýnd verður í Borgarleikhúsinu sunnudaginn 23. febrúar. Þar bregður hann sér í hvorki meira né minna en sex hlutverk. Halldór segir leikhússtarfið það sem heilli hann mest og vera bæði fjölbreytt og skemmtilegt.

Ég er sögumaður, leikpabba Gosa, leik kisuna í tvíeykinu sem rætur Gosa, skólastrák og krybbuna. Ég er með einhverjar fimm eða sex rullur. Síðan spila ég á fjögur hljóðfæri,“ segir Halldór. „Þetta er ferlega gaman að leika mörg og ólík hlutverk í sömu sýningunni, þar sem maður þarf að búa til raddir, breyta skroknum og skipta um búning. Ég hef gaman af þessu.“

Halldór leikur á sama tíma í Vanja frænda, verki sem er eins ólíkt Gosa og hugsast getur. Er ekki erfitt að leika tvö svona ólík hlutverk á sama tíma? „Þetta er æðislegt og það skemmtilegasta við leikhúsið, að vera í ólíkum verkefnum. Vanja er svona klassískur tékkneskur gaman-harmleikur. Þegar ég er búinn í Gosa fer ég svo að æfa í leikverki sem nefnist Veisla, sem er sketsasýning, þar sem við leikararnir og leikstjóri ætlum að búa til leiksýningu sem fjallar um allar tegundir veislna, svo sem barnaafmæli, skírnarveislur, brúðkaup og útrásarvíkingapartí. Það er af ansi mörgu að taka og við ætlum að búa til skemmtilegt grínleikrit um þetta, sem verður frumsýnt í lok apríl. Þetta verður skemmtileg áskorun.“

Halldór leikur einnig í kvikmyndinni Síðasta veiðiferðin, sem verður frumsýnd í byrjun mars. „Ég hef ekki leikið oft í bíómyndum, en svolítið í sjónvarpskefnum, bæði leikritum, Skaupinu og gamananseríum. Ég hef leikið í einni og einni bíómynd en þetta er það stærsta sem ég hef leikið í,“ segir Halldór sem útskrifaðist sem leikari fyrir 23 árum og hefur starfað í leikhúsinu síðan. „Leikhússtarfið er það sem heillar mig og er fjölbreytt og skemmtilegt.“

Ákvað ungur að verða leikari

Hann ákvað ungur að verða leikari þegar hann var í skóla-skemmtunum og segist alltaf hafa haft sig svolítið í frammi þar. „Ég fór einnig oft í leikhús með foreldrum mínum og svona 12–13 ára gamall varð ég alveg heillaður af leikhúsinu. Þá fór ég að gæla við að það væri gaman að vera leikari, þó að hand- og fótbolti hafi átt hug mig fyrst. En þegar ég var að byrja í menntaskóla tók ég ákvörðun um að komast í leiklistarskóla og það gekk eftir þó það hafi ekki gerst í fyrstu tilraun.“

Í Menntaskólanum við Sund fór Halldór að leika í leikritum sem hann segir hafa verið stærri og meiri áskorun. Um tvítugsaldurinn byrjaði hann í hljómsveitum og hefur verið í Geirfuglum í rúmlega 20 ár. „Við vorum bara að gefa út plötu og vorum að spila á Akureyri um síðustu helgi. Við spiludum rosalega mikið á tíma-bili, svo flutti Freyr Eyjólfsson, vinur minn og meðlimur í bandinu, út fyrir sjö árum og síðan höfum við haldið þeirri hefð að spila einu sinni á ári og höfum spilað til dæmis í Flatey á Breiðafirði og á Berufirði. Nú er Freyr fluttur heim og við farnir að spila aðeins meira. Við ætlum nú að hafa útgáfupartí plötunnar svona með hækandi sól.“

Við vindum okkur í leikhússpurningar, níu spurningar á níu mínútum.

Hvaða leikrit hefðir þú viljað skrifa?

„Ég hefði gjarnan viljað skrifa Titus Andronicus eftir Shakespeare. Það er alveg klikkað leikrit, það er svo flott, en á móti kemur að ég hefði ekki fengið mikil höfundalaun fyrir það, því það er svo sjaldan sýnt.“

Hvaða leikrit er eftirminnilegast og af hverju?

„Eftirminnilegasta leikrit sem ég hef séð var 1981 í Þjóðleikhúsinu þegar Bessi Bjarnason lék aðalhlutverkið í Gustur sem byggt var á sögu eftir Leo Tolstoy. Bessi lék hest, en ævi hans er fylgt eftir frá því hann er lítið tryppi og þar til hann endar ævi sína sem dráttar-

klár í kolanámu. Og hann upplifir margt á ævi sinni með rússnesku byltinguna sem baksögu. Þetta var svo eftirminnilegt, ég hafði bara séð Bessa í gamanleikritum og sem Mikka ref, en þarna var hann í drama-

tískri rullu, sem hestur. Samt ekki í neinum hestbúningi og þarna uppgötvaði ég galdur leikhússins að þú þarft ekki að fara í fullan búning til að breytast heldur getur látið áhorfendur samþykkja allan fhandann án þess að breyta einhverju heldur með því að nota sagnaldurinn. Þarna var ég 11 ára og ég gleymi aldrei þessari sýningu.“

Hvað mun leikritið um þig heita, hver mun leika þig og hver mun skrifa handritið?

„Ég held að Sveppi muni leika mig og ævisaga mín á að heita 6,5 ævisaga meðalmanns og best að láta annan skrifa en mig, vinur minn Hlynur Áskelsson, öðru nafni Ceres 4,

mun skrifa handritið.“

Hvert er uppáhaldsleikritið eða –karakterinn af þeim sem þú hefur leikið?

„Þetta er orðið ansi mikið og margt. Sjeikspír eins og hann leggur sig, árið 2000 í Iðnó og Loftkastalanum þegar ég, Dóra Geirharðs og Friðrik Friðriksson lékum öll verk Shakespeare á tveimur klukkustundum. Það var líklega það skemmtilegasta sem ég hef gert í leiklistinni. Karakterinn væri hlutverk Þráins í And Björk, of course eftir Þorvald Þorsteinsson heitinn.“

Er leikritið alltaf betra en bók-in eða kvikmyndin?

„Nei það er sjaldnast þannig, ef ég á að vera alveg hreinskilinn. Það getur gerst, en bókinn er alltaf best í langflestum tilfellum. Það á ekki við um Gosa eða önnur slík klassísk verk, en þegar er verið að leikgera bækur, hvað þá kvikmyndir, þá er hending að leikhús-upplifunin verði betri en kvikmyndin eða bókinn.“

Hvaða hlutverk hefur kennt þér mest?

„Ætli það sé ekki bara Góðir Íslendingar fyrir nokkrum árum þar sem ég lék karakterinn Pickup 52, sem er svona týpískur Íslendingur. Við vorum að búa til spegil af einhvers konar stemningu í samfélaginu eftir hrúnið. Það hlutverk kenndi mér að hlusta og meðtaka og þurfa ekkert endilega að segja sögu af sjálfum mér í kjölfarið.“

Hvaða leiktilvitnun finnst þér best og af hverju?

„Það er setning í And Björk, of course, þar sem karakterinn minn sagði: „Það er um að gera að hafa gaman af þessu,“ segir Halldór og játar að sú setning geti átt við um allt, bæði leiklistina og lífið sjálft.“



Halldór, í einu af mörgum hlutverkum hans í Gosa. Mynd / Grímur Bjarnason



Halldór í hlutverki sínu í Vanja frænda. Mynd / Grímur Bjarnason



Halldór, Friðrik og Halldóra í hlutverkum sínum í Sjeikspír eins og hann leggur sig.

Hvaða leikrit sástu fyrst?

„Ætli það hafi ekki bara verið Grænjaxlar eftir Pétur Gunnarsson á Kjarvalsstöðum, þegar ég var um það bil sjö ára. Spilverk Þjóðanna lék í því. Eða Dýrin í Hálsaskógi þegar ég var 5–6 ára. Ætli það hafi ekki verið þessi tvö.“

HÁSKÓLABÍÓ 27. FEBRÚAR



ÍSLANDSMÓTIÐ Í
UPPISTANDI!



ANNA LILJA



ARNÓR DAÐI



GREIPUR



HELGI STEINAR



IDDI BIDDI



STJÁNI BLÁI



LOLLÝ MAGG



NATO JONZ



ÞORGERÐUR



ÞURA GÆJA

HVER VINNUR

500,000?

KYNNAR JÚLÍANA SARA OG KJARTAN ATLI

DÓMNEFND EDDA BJÖRGVINS - PÁLMI GUDMUNDS - STEINUNN CAMILLA - LOGI BERGMANN

KRISTÍN VALA - GUMMI BEN - FANNAR SVEINSSON

ALDURSTAKMARK ER 18 ÁR - ALLAR UPPLÝSINGAR Á [FACEBOOK .COM/UPPISTANDID](https://www.facebook.com/uppistandid)

MÍÐASALA Á [TIX.IS](https://www.tix.is)

Séð og Heyrt
EUROVISION

Ísland í Eurovision Tölfræði rúmra þriggja áratuga

Gósentíð aðdáenda Eurovision eða Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva stendur nú yfir og styttest í að Íslendingar velji sitt framlag. Sitt sýnist hverjum um keppnina, sumum finnst hún jafnast á við bestu hátíð, meðan aðrir álíta þetta tömt bull og peningabruðil. Keppnin er hins vegar góð landkynning og getur verið góður stökkpallur fyrir unga og upprennandi söngvara og lagasmiði.

Til gamans rennum við yfir tölfræðina í þátttöku Íslands síðustu þrjú áratugi rúmlega.

Ísland hefur tekið 32 sinnum þátt í Eurovision frá árinu 1986. Ísland tók ekki þátt í keppninni árin 1998 og 2002 eftir að hafa fallið úr keppninni ári fyrir. Rétt er að nefna að undanúrslitakeppni var fyrst notuð árið 2004 og þurftu öll lönd fyrir utan þau sem lentu í sæti 1-10 og stóru löndin fimm, Bretland, Frakkland, Ítalía, Spánn og Þýskaland, að fara í gegnum hana fyrst. Árið 2008 var reglum breytt aftur og öll lönd fyrir utan sigurland ársins á undan og stóru löndin fimm þurfa að fara í gegnum undanúrslit fyrst.

Flytjendur: Söngkona hefur tekið þátt 13 sinnum fyrir Íslands hönd, söngvari sjö sinnum. Þrjár höfum við sent dúett tveggja karlsöngvara og einnig höfum við þrjár sent dúett, söngvara og söngkonu. Við sendum tríó, eina söngkonu og tvo söngvara, í fyrsta sinn sem við tókum þátt. Og fimm sinnum höfum við sent hljómsveit eða sönghópa.

Endurteknir flytjendur: Margir söngvarar hafa oftast en einu sinni brugðið sér í Eurovision-gallann fyrir Íslands hönd, Sigríður Beinteinsdóttir hefur farið þrjár sinnum og Eiríkur Hauksón, Greta Salóme, Jón Jósep Snæbjörnsson, Selma Björnsdóttir og Stefán Hilmarsson hafa öll farið tvisvar sinnum, ýmist ein, eða sem hluti af dúett eða tríó.

Nokkrir flytjendur hafa einnig farið bæði sem söngvari/söngkona eða sem bakraddasöngvari; Sigga Beinteins, Friðrik Ómar, Hera Björk og Regína Ósk, hafa bæði verið aðalflytjendur og í bakröddum.

Tungumál: Alls 14 sinnum hefur framlag Íslands verið flutt á frummálinu, en 18 sinnum höfum við breytt flutningi yfir á enska tungu fyrir keppnina erlendis.

Eigið framlag: Í 13 skipti hefur flytjandi einnig verið höfundur lags og/eða texta, ýmist einn eða í samstarfi við aðra. Sem dæmi má nefna að árið 1988 flutti Sverrir Stormsker eigið lag og texta, Þú og Þeir (Sókrates), ásamt Stefáni Hilmarssyni og árið 1991 flutti Eyjólfur Kristjánsson eigið lag og texta, Draumur um Mínú, ásamt fyrrnefndum Stefáni. Greta Salóme flutti eigið lag og texta árið 2012, Never Forget, ásamt Jóni Jósep Snæbjörnssyni, og árið 2016 flutti hún ein eigið lag og texta, Hear Them Calling.

Sæti: Íslendingar voru sigursælir strax árið 1986 og fullvissir um að öll Evrópa myndi leggja inn í Gleðibankann og tryggja okkur sigurinn. Raunin varð önnur og sextánda sætið varð okkar. Við höldum því sæti þrjú ár í röð, þar til við fengum **núll** stig og neðsta sætið. Í heildina hefur Ísland lent tvisvar í **22.** sæti, þrjár í **20.** sæti, tvisvar í **19.** sæti, einu sinni í **17.** sæti, þrjár í **16.** sæti, þrjár í **15.** sæti, einu sinni í **14.** sæti tvisvar í **13.** sæti og tvisvar í **12.** sæti. Ísland hefur sjö sinnum lent í topp tíu: Hatari með Hatríð mun sigra í **10.** sæti, Birgitta með Open Your Heart í **8.** sæti, Heart to Heart með nei eða já í **7.** sæti og Stjórnin með Eitt lag enn lenti í **4.** sæti. Tvisvar sinnum hefur Ísland hampað **2.** sæti og því með aðra höndina á titlinum ef svo má segja, árið 1999 Selma með lagið **All Out of Luck** og árið 2009 þegar Jóhanna Guðrún fór með lagið **Is It True?** (en þá kallaði hún sig Yohanna).

KONUDAGS-
LEIKURHVAÐA
KONU VILTU
GLEÐJA?

Konudagurinn er núna á sunnudag og af því tilefni viljum við bregða aðeins öðruvísi á leik en vanalega og spyrjum hvaða konu í þínu lífi viltu gleðja með tímaritum frá Birtingi?

Svar sendist á netfangið ragna@birtingur.is fyrir fimmtudaginn 27. febrúar eða með því að fara inn á Facebook-síðu Séð og Heyrt, skrifa þar athugasemd og tagga vinkonu. Við drögum úr nöfnum þeirra sem skrifa athugasemd eða senda tölvupóst og viðkomandi og vinkonan sem töggðu er, fá eintak af nýjasta tölublaði Vikunnar og einnig Húsa og húbýla.

Snemma beygist krókurinn

Það fylgir því að vera þekktur einstaklingur að rata iðulega á síður fjölmiðla, já og nú til dags á vefmiðla. Séð og Heyrt ákvað að fletta sjö þekktum einstaklingum upp á timarit.is og sjá hvenær þeir komu fyrst fram í fjölmiðlum. Eins og sjá má völdu nokkrir þeirra starfsferilinn snemma.

Stefán Eiríksson (49) lögfræðingur

Verðandi útvarpsstjóra finnum við fyrst ellefu ára gamlan þar sem hann fór með hlutverk Nonna, eitt stærsta hlutverkið í leikritinu Allt fyrir friðinn, sem sýnt var í Kópavogsskólunum. Stefán sagðist vera „auðvitað dálítið syfjaður á morgnana þegar ég á að fara í skólann,“ enda æfingar um kvöld og helgar. (Dagblaðið 12.11.1981).

Ragnheiður Bjarmann Eiríksdóttir (49), hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi

Ragnheiður, eða Ragga, var snemma farin að hugsa vel um aðra. Í Morgunblaðinu 18. maí 1980, var hún átta ára gömul ásamt vinkonu sinni þar sem þær höfðu safnað fyrir Rauða kross Íslands. Ragga settist síðan hinum megin við borðið nokkrum áratugum seinna og gerðist blaðamaður og pistlahöfundur.

Oddur Eysteinn Friðriksson (36) álistamaður

Oddur Eysteinn gaf út vikublaðið Morgunritarinn tólf ára gamall. Þar myndskreytti hann brandara og hannaði auglýsingar (DV 15.02.1996). Oddur er þó löngu hættur að gefa út blöð, en hefur gert garðinn frægan með álistaverkum sínum undir höfundarnafninu Odee, og innan tíðar kemur fatnaður á markað sem hannaður er eftir eldri og nýrri verkum Odds.

Selma Björnsdóttir (45), leikstjóri, leik- og söngkona, dansari

Selma vann einstaklingskeppni 10-12 ára í „freestyle“ í apríl árið 1987, en hún var þá nemandi í Dansneistanum í Garðabæ. Selma tók einnig þátt í hópkeppninni ásamt tveimur vinkonum og unnu þær líka. (Helgarpósturinn 23.04.1987). Aðspurð um hvað hún ætlað að verða þegar hún verður stór, svaraði Selma: „Mig langar helst af öllu að verða lögfræðingur. Ég get ímyndað mér að það sé svo gaman að starfa við það.“ Selma botnaði þó með að hún ætlaði örugglega að vera áfram í dansnámi næstu árin.

Ingólfur Ragnarsson Geirdal (51), töfra- og tónlistarmaður

Ingó varð yngsti töframaður landsins aðeins tíu ára gamall og var farinn að sýna listir sínar í skemmtistaðnum Hollywood, þrátt fyrir að vanta áratug í að mega komast inn á skilríkjum. Í Tímanum 30. júlí 1983 sagði Ingó: „Stefn- an er að verða atvinnu- töframaður,“ og ljóst er að Ingó stóð við þau orð, enda starfar hann sem töframaður í dag, samhliða því að spila og semja tónlist sem meðlimur sveitarinnar DIMMU.

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir (28) tónlistarkona


Fyrsta umfjöllun sem við finnum með mynd er í Heimilisblaðinu 12. nóvember 2001, þar sem Jóhanna Guðrún, þá ellefu ára gömul, sagðist taka virkan þátt í heimilisstörfunum þrátt fyrir þéttskipaða dagskrá. „Ég geng alltaf strax frá eftir mig í herberginu mínu,“ sagði barnastjarnan unga, sem hefur full- orðnast og er ein fremsta söngkona landsins.



Mango hringborð 150cm
Verð 110.000kr.



Menno stóll
Verð 39.000kr.



Soho hilla
Verð 139.000kr.



Teak Oskar skenkur
Verð 376.000kr.

NÝJAR
VÖRUR!



Lisa veggglampi
Verð 11.900kr.



N701 sófi 2ja sæta
Verð 175.000kr.



Beau stóll
Verð 29.000kr.



Bastian leðurstóll
Verð 195.000kr.



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

MANNLÍF

BIRTINGUR EHF

ÚTGÁFUFLAG

SÍÐUMÚLA 28, 108 REYKJAVÍK

S: 5 15 5500

7. TÖLUBLAÐ 4. ÁRGANGUR

FÖSTUDAGURINN 21. FEBRÚAR 2020

mannlíf.is

Ritstjórn: ritstjorn@birtingur.is

Síðast en ekki síst

Eftir / Óttar M. Norðfjörð

Eina eftirsjá Attenboroughs

Ég hlustaði nýlega á viðtal við David Attenborough. Þessi vinsæli sjónvarpsmaður sagðist aðeins hafa eina eftirsjá á langri og viðburðaríkri ævinni: að hafa ekki varið meiri tíma með börnunum sínum þegar þau voru lítil, því hann var alltaf að vinna.

Þetta hefur setið í mér, því upp á síðkastið hefur mér verið hugleikið þetta kerfi utan um börnin okkar, hvernig þjóðfélagið reynir að fá okkur aftur út á vinnumarkaðinn nokkrum mánuðum eftir að þau fæðast, með dagforeldrum og leikskólum. Síðan eyðum við deginum í vinnunni, sækjum börnin seinnipartinn og þau eru komin í háttinn stuttu eftir kvöldmat. Meðalfjölskyldan er kannski að verja litlum 3-4 tímum saman á dag.

Eftir því sem ég hugsa meira um þetta, því undarlegra finnst mér þetta vera. Börnin okkar eru bara lítil einu sinni og æskan líður alveg ótrúlega hratt, því áður en við vitum af vilja þau ekki vera með foreldrum sínum lengur, heldur vinum sínum, og þá er þetta búið. Og þessi dýrmæti tími kemur aldrei aftur.

Hvað er ég eiginlega að biðja um? Ég veit það ekki alveg. Kannski einhvers konar breytingu á þessu kerfi sem við höfum smíðað undir merkjum norrænnar velferðar og fjölskyldunnar, því fjölskyldan ver svo gott sem engum tíma saman, ótrúlegt en satt. Stytting vinnuvikunnar væri strax í áttina, eða kannski er nóg að stytta sjálfan vinnudaginn, hafa leikskóladaginn styttri, svo börnin geti varið meiri tíma með foreldrum sínum frekar en starfsmönnum á stofnunum. Og við getum varið meiri tíma með þeim frekar en kollegum okkar, allavega fyrstu ár ævi þeirra. Eða kannski er þetta bara rugl í mér og fólk er sátt við núverandi fyrirkomulag. En höfum þá að minnsta kosti í huga orð Davids Attenborough, manns sem hefur marga fjöruna sopið, og hans einu eftirsjá í lífinu.



nettó

ÞRIÐJUNGUR MATVÆLA ENDAR Í RUSLINU!



Breytum þessu saman!

Veldu vörur sem nálgast síðasta sölundag á afslætti.



GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



GÆÐARÚM á fermingartilboði

20.000 KR. AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM



DELUXE

Hágæða 7 svæðaskipt heilsudýna. Styður rétt við líkamann. Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstjöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn.

Verð með botni og fótum:

90x200 cm
Verð áður kr. 77.900- **NÚ AÐEINS KR. 57.900**

120x200 cm
Verð áður kr. 89.900- **NÚ AÐEINS KR. 69.900**

★ Ath. fleiri stærðir í boði.



VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna. Góð millistíf heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstrun.

Verð með botni og fótum:

90x200 cm
Verð áður kr. 77.900- **NÚ AÐEINS KR. 57.900**

120x200 cm
Verð áður kr. 89.900- **NÚ AÐEINS KR. 69.900**

★ Ath. fleiri stærðir í boði.



SAGA/FREYJA

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur. Pokagormakerfi, þrýstjöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrun.

Verð með botni og fótum:

90x200 cm
Verð áður kr. 99.900- **NÚ AÐEINS KR. 79.900**

120x200 cm
Verð áður kr. 119.900- **NÚ AÐEINS KR. 99.900**

★ Ath. fleiri stærðir í boði.

25% AFSLÁTTUR AF MJÚKVÖRU

HVÍLDARSTÓLL MEÐ LYFTU

Með rafstillingu. Leður á slitflötum. Til í svörtu, gráu og brúnu.

Verð kr. **119.900.-**



Mikið úrval af hvíldarstólum
Verð frá kr. 79.900.-

STILLANLEG RÚM Í ÚRVALI



HVÍLDARSÓFI

Rafstílltur 3ja sæta sófi. Leður á slitflötum. Til í svörtu, gráu og brúnu.

Verð kr. **219.900.-**



Svefn & heilsa



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233 | BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150
OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16 | svefnogheilsa.is

UMBODSADILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstaðir

